

Júní 2021



Ársskýrsla forsætisráðherra 2020

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
----------------------	---

Starfsemi forsætisráðuneytisins

Fréttaránnáll 2020	7
Ríkisstjórn og ráðherranefndir	11
Ríkisstjórnarfundir	11
Ráðherranefndir	11
Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins	13
Mannauður	15
Áhrif heimsfaraldurs COVID-19	15
Yfirlit yfir þingmál forsætisráðherra	16
Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra	17

Helstu verkefni forsætisráðuneytisins

COVID-19

Viðbrögð stjórnvalda vegna COVID-19	22
COVID-frumvörp ríkisstjórnarinnar	23
Aðgerðir á landamærum	24

Efnahagsmál

Tekjusagan – gagnagrunnur um þróun lífskjara uppfærður	26
Samráð við aðila vinnumarkaðarins	27
Sameining Seðlabanka og fjármálaeftirlits	28

Jafnréttismál

Jafnréttismál í forsætisráðuneytinu	30
Lagasetning í jafnréttismálum	31
Ný jafnréttislög	31
Réttindi trans og intersex fólks og barna sem fæðast með ódæmigerð kynþéttu betur tryggð	31
Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni	32
Kynbundinn launamunur	33

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Ýmis verkefni

Loftslagsmál	38
Ný metnaðarfull markmið í loftslagsmálum kynnt á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna	38
Ráðherranefnd um loftslagsmál	39
Þjóðaröryggisráð	40
Mat á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum	41
Ráðstefna um fjölpáttaðgnir	41
Vinnuhópur gegn upplýsingaóreiðu	42
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ungmennaráð HMSÞ	43
Aðgerðaáætlun um fjórðu iðnbyltinguna	45
Endurskoðun lagaumhverfis Vísinda- og tækniráðs	46
Samráðsgátt	47
Endurskoðun stjórnarskrár	48
Uppbygging innviða í kjölfar óveðurs	49
Upplýsingalög og lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum	50
Framkvæmd upplýsingalaga	50
Lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum	50
Umbætur í íslensku stjórnkerfi í kjölfar fjármálakreppunnar	51
Viðbrögð við náttúruhamförum	52
Uppgröftur við Stjórnarráðshúsið	53
Þjóðlendur	54
Gæði lagasetningar	55

Stofnanir forsætisráðuneytisins

Embætti ríkislögmanns	57
Hagstofa Íslands	58
Jafnréttisstofa	59
Óbyggðanefnd	60
Umboðsmaður barna	61
Seðlabanki Íslands	62
Úrskurðarnefnd um upplýsingamál	63
Kærunefnd jafnréttismála	63

Rekstur og fjárfestingar

Málefнасvið	65
Útgjöld málefnasviða og málaflokka	66
Fjárfesting málaflokka	68
Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða	69

Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2020	73
Forsætisráðuneyti	74
Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	78
Ákærvald og réttarvarsla	81
Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn	82
Jafnréttismál	83

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Ávarp ráðherra

Líklega verður árið 2020 lengi í minnum haft. Það var að sönnu fordæmalaust eins og við kepptumst við að segja hvert öðru og sjálfum okkur á vormánuðum síðasta árs. Heimsbyggðin öll glímdi skyndilega við sameiginlega utanaðkomandi ógn og afleiðingar COVID-19 voru augljóslega bráðar og afgerandi, alvarlegar og í sorglega mörgum tilvikum banvænar.

Við erum enn ekki úr allri hættu en sjáum vonandi fyrir endann á alvarlegasta skeiði farsóttarinnar. Í lok síðasta árs komu fram bóluefni og þegar þetta er skrifað er bólusetning þjóðarinnar langt komin. Hver hefði trúað því að rétt rúmlega ári eftir að sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda hófust yrðu 75% 16 ára og eldri komin með fyrri skammt bólusetningar? Þessi árangur er sigur skipulagðrar þekkingarleitar og samstöðu og sýnir áþreifanlega hvað hægt er að gera þegar allir róa í sömu átt.

Það kemur því ekki á óvart að starfsemi forsætisráðuneytisins á árinu 2020 snerist að mjög stórum hluta um viðbrögðin við COVID-19. Í slíkri viðureign verður samhæfingarhlutverk forsætisráðuneytisins í Stjórnarráðinu að vendipunkti ákvarðana sem varða líf og heilsu, efnahagslega afkomu, sjálfa framtíð þjóðarinnar og landsins okkar.

Ég er ánægð og stolt af viðbrögðum okkar stofnana sem sýndu í senn sveigjanleika, áræði og viðbragðsflýti. Úrræðagóð stjórnsýsla og hugmyndaríkt skapandi starfsfólk eru ein mikilvægustu tólin í verkfærakistu okkar sem falið hefur verið að stjórna landinu.

Öll okkar vinna miðaði að því að byggja allar ákvarðanir á bestu upplýsingum og gögnum og tryggja sem best upplýsingaflæði til almennings. Stundum var unnið allan sólarhringinn enda viðfangsefnið risastórt.

Fjarvinna og fjarfundir settu að vonum svip sinn á starfsemi ársins. Nánast öll alþjóðleg samskipti fóru fram á fjarfundum eða í gegnum síma. Einungis einn fundur var sóttur erlendis.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Þrátt fyrir mikla fyrirferð COVID-19 var öðrum málaflökkum líka haldið til haga. Alþingi samþykkti á árinu átta mikilvæg frumvörp sem ég lagði fram. Þar á meðal voru: frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds sem er mikilvægt framfaramál til að auka gagnsæi stjórnsýslunnar. Þá samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um eignarráð og nýtingu fasteigna þar sem settar eru hömlur á samþjöppun lands á fárra hendur. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lög um stjórnsýslu jafnréttismála voru samþykkt á þingi og bráðabirgðaákvæði í lögum um kynrænt sjálfræði voru uppfyllt um breytt aldursviðmið, kynskráningu og ákvæði um ódæmigerð kyneinkenni en með þessum breytingum voru réttindi trans og intersex fólks og barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni betur tryggð. Þá var samþykkt frumvarp til laga um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum.

Við mældumst á árinu í efsta sæti á kynjajafnréttislista Alþjóðaefnahagsráðsins, eins og oft áður, og færðumst upp um fjögur sæti á milli ára á Regnbogakortinu – úttekt á stöðu og réttindum hinsegin fólks í Evrópu.

Tillaga mín til þingsályktunnar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni var samþykkt á Alþingi og ríkisstjórnin samþykkti að styðja við ráðstefnu samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem fram fer í Hörpu í lok sumars.

Við kynntum ný og metnaðarfull markmið í loftslagsmálum á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna. Þau ganga lengra í samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en samkomulag Íslands og Noregs við ESB krefst. Þá stofnuðum við ráðherranefnd um loftslagsmál sem hefur það hlutverk að efla samráð og samhæfingu meðal þeirra ráðuneyta sem vinna að framgangi loftslagsmála innan Stjórnarráðsins.

Aðgerðaáætlun um fjórðu iðnbyltinguna var kynnt á vormánuðum en hún fól í sér 27 aðgerðir sem stjórnvöld hófu vinnu við á árinu.

Vinnu formanna flokka sem eiga sæti á Alþingi að endurskoðun stjórnarskrár lauk og tillögur um breytingar á stjórnskipunarlægum fóru í samráðsgátt stjórnvalda.

Á árinu kynntum við aðgerðir til að mæta áföllum samfélagsins á Flateyri í kjölfar snjóflóðanna í lok árs 2019 og í lok árs vorum við enn minnt á hversu óblíð náttúruöflin geta verið hér á landi þegar aurskriður féllu á byggðina á Seyðisfirði með miklu eignatjóni. Aðkoma ráðuneytisins að úrlausn þeirra mála verður í næstu ársskýrslu.

Þetta er fjórða ársskýrsla forsætisráðuneytisins og sú síðasta á þessu kjörtímabili. Öll ráðuneytin skila nú sínum skýrslum til almennings en þær eru mikilvægar og nýtast vel til að fá yfirsýn yfir verkefni Stjórnarráðsins. Ég vona að næsta ársskýrsla forsætisráðuneytisins muni snúast um hefðbundnari verkefni en heimsfaraldur.


Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Starfsemi forsætisráðuneytisins á árinu 2020

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL





ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Fréttannaál 2020 Janúar - Apríl

<p>21. janúar Tekjusagan – uppfærður gagnagrunnur um þróun lífskjara. NÁNAR</p>		<p>3. febrúar Forsætisráðherra á leiðtoga-fundi EFTA-ríkjanna í EES í Osló. NÁNAR</p>		<p>18. febrúar Forsætisráðherra undirritar samning við Kvenréttindafélag Íslands um ráðgjöf, fræðslu, námskeiðahald og upplýsingagjöf. NÁNAR</p>
<p>28. febrúar Sérstakur stýrihópur um samfélagsleg og hagræn viðbrögð við Covid-19 veirunni. NÁNAR</p>	<p>28. febrúar Innviðaframkvæmdum flýtt – átakshópur skilar skýrslu og áætlun um 540 aðgerðir á vefsíðunni innvidir2020.is. NÁNAR</p>	<p>21. febrúar Ráðstefna þjóðaröryggisráðs um fjölþáttaógnir. NÁNAR</p>	<p>19. febrúar Forsætisráðherra tekur við formennsku í Heimsráði kvenleiðtoga. NÁNAR</p>	<p>18. febrúar Forsætisráðherra undirritar þjónustusamning við Samtökin '78. NÁNAR</p>
<p>3. mars Fimmtán aðgerðir til að treysta búsetu og atvinnulíf á Flateyri. NÁNAR</p>		<p>3. mars Þjóðaröryggisráð fundar um viðbrögð og viðbúnað vegna COVID-19. NÁNAR</p>	<p>5. mars Yfirlýsing ríkisstjórnar, SA og ASÍ um laun í sóttkví. NÁNAR</p>	<p>10. mars Viðspyrna fyrir íslenskt efnahagslíf. NÁNAR</p>
<p>14. apríl Rannsóknarsetur um háfið, loftslag og samfélag í tilefni af 80 og 90 ára afmæli Margrétar Danadrottningar og Vigdísar Finnbogadóttur. NÁNAR</p>	<p>26. mars Hundrað milljónir króna til Kvennaathvarfsins. NÁNAR</p>	<p>21. mars Viðspyrna fyrir Ísland - efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19. NÁNAR</p>	<p>21. mars Sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, SFF og LL um viðbrögð vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. NÁNAR</p>	<p>16. mars Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga við aðildarfélög BSRB. NÁNAR</p>
	<p>14. apríl Afborganir námslána lækkaðar. NÁNAR</p>	<p>20. apríl Mest ánægja með viðbrögð stjórnvalda á Íslandi. NÁNAR</p>	<p>21. apríl Varnir, vernd og viðspyrna gegn efnahagslegum og félagslegum áföllum. NÁNAR</p>	<p>24. apríl 39 mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði samþykktir. NÁNAR</p>

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

Fréttannaáall 2020 Apríl - Júlí

14. maí

Ísland upp um fjögur sæti á Regnbogakortinu.

[NÁNAR](#)

13. maí

Fyrstu heildarlögin um vernd uppljóstrara samþykkt á Alþingi.

[NÁNAR](#)

12. maí

Sýnataka á Keflavíkurlugvelli.

[NÁNAR](#)

11. maí

Stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu til umsagnar þjóðarinnar.

[NÁNAR](#)

28. apríl

Framhald hlutastarfaleiðar og aukinn stuðningur við fyrirtæki.

[NÁNAR](#)



20. maí

Út úr kófinu - vísindi, nýsköpun og áskoranir framtíðarinnar.

[NÁNAR](#)

24. maí

Barnamenning blómstrar: 42 verkefni hljóta styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands.

[NÁNAR](#)



3. júní

Tillaga til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni samþykkt á Alþingi.

[NÁNAR](#)



17. júní

Ávarp forsætisráðherra á Austurvelli 17.júní 2020. Veganesti Jóns Sigurðssonar.

[NÁNAR](#)

11. júní

Framtíðarhorfur ræddar á aukafundi Þjóðhagsráðs.

[NÁNAR](#)

10. júní

Fyrstu heildarlögin um varnir gegn hagsmunaárekstrum samþykkt á Alþingi.

[NÁNAR](#)

4. júní

Ísland leggur fram hálfan milljarð í þróun á bóluþefni.

[NÁNAR](#)

19. júní

Endurnýjun þjöggunarskipa fyrir árið 2023.

[NÁNAR](#)

19. júní

Forsætisráðherra veitir styrki úr Jafnréttissjóði Íslands.

[NÁNAR](#)

23. júní

Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum – Ísland uppfyllir skuldbindingar og gott betur.

[NÁNAR](#)



25. júní

Samstarf Norðurlanda um viðbúnað vegna farsóttta styrkt.

[NÁNAR](#)



3. júlí

Stefnt að verðmætari afurðum með minni losun frá sjávarútvegi.

[NÁNAR](#)

1. júlí

Ísland meðal forysturíkja átaksverkefnis UN Women.

[NÁNAR](#)

1. júlí

Frumvarp til breytinga á II. kafla stjórnarskrárinnar um forseta og framkvæmdavald í samráðsgátt.

[NÁNAR](#)

30. júní

Jarðamál forsætisráðherra samþykkt.

[NÁNAR](#)

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL




















ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

Fréttannaári 2020 Júlí - Október

●	●	●	●	
<p>9. júlí Orkuskipti á Kili. NÁNAR </p>	<p>10. júlí Forsætisráðherra ávarpaði rafrænan leiðtogafund Alþjóðavinnuáráðs stofnunarinnar. NÁNAR </p>	<p>10. júlí Töluverð ánægja með þjónustu ríkisstofnana. NÁNAR </p>	<p>10. júlí Minningarathöfn um eldsvoðann á Þingvöllum 1970. NÁNAR </p>	
●	●	●		<p>11. ágúst Stefnumótun og áætlanagerð Stjórnarráðsins styrkist. NÁNAR </p>
●	●	●		<p>22. september Rafrænt allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. NÁNAR </p>
●	●	●		<p>25. september Fjármagni beint í sjálfbæra uppbyggingu. NÁNAR </p>
●	●	●		<p>9. október Áhrif sóttvarna á þróun COVID-19 faraldurs rannsókuð. NÁNAR </p>
●	●	●	<p>17. september Forsætisráðherra, kvenleiðtogar og aðgerðasinnar ræða hlut kvenna í forystu. NÁNAR </p>	<p>30. september Menntanet sett á fót á Suðurnesjum. NÁNAR </p>
●	●	●	<p>25. september Ísland tekur á móti sýrlenskum barnafjölskyldum frá Lesbos. NÁNAR </p>	<p>29. september Átta nýjar stöðugleikaaðgerðir. NÁNAR </p>
●	●	●	<p>1. október Forsætisráðherra ávarpar afmælisfund fjórðu ráðstefnu SP um málefni kvenna. NÁNAR </p>	<p>2. október Opinbert hlutfélag stofnað um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. NÁNAR </p>

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

Fréttannaál 2020 Október - Desember

5. nóvember

Ný stefna í málefnum hinsegin fólks samþykkt á fundi norrænna ráðherra jafnréttismála.

[NÁNAR](#)

2. nóvember

Grænbók um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála.

[NÁNAR](#)

30. október

Skýrsla um upplýsingaóreiðu og COVID-19 birt á vef Stjórnarráðsins.

[NÁNAR](#)

28. október

Norðurlöndin vilja grænan efnahagsbata.

[NÁNAR](#)

27. október

Ráðherraumræður um heimsfaraldurinn með framkvæmdastjóra SP.

[NÁNAR](#)

9. nóvember

Fjölmennasti ársfundur Heimsráðs kvenleiðtoga frá upphafi haldinn í tengslum við Heimsping kvenleiðtoga.

[NÁNAR](#)



16. nóvember

GRECO birtir eftirfylgniskýrslu um Ísland.

[NÁNAR](#)

20. nóvember

Óbreytt fyrirkomulag á landamærum til 1. febrúar.

[NÁNAR](#)

20. nóvember

Viðspyrnustyrkir og stuðningur við atvinnuleitendur, lífeyrisþega, barnafjölskyldur og félagslega viðkvæma hópa.

[NÁNAR](#)

4. desember

Litakóðunarkerfi tekið upp vegna COVID-19.

[NÁNAR](#)

27. nóvember

Fjölpætt viðbrögð við skýrslum rannsóknarnefnda Alþingis.

[NÁNAR](#)

25. nóvember

Nýtt mælaborð um aðgerðir í jafnréttismálum.

[NÁNAR](#)

25. nóvember

Forsætisráðherra ávarpar ráðstefnu UNESCO á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi.

[NÁNAR](#)



Viðmiðunartafla
Almennt vegna takmörkunar á samkomum

Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð
1-2	3-4	5-6	7-8	9-10
11-12	13-14	15-16	17-18	19-20
21-22	23-24	25-26	27-28	29-30

10. desember

Stelpur rokka og loftslagsverkfall hljóta Jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs 2020.

[NÁNAR](#)



10. desember

Fyrsta matvælastefnan fyrir Ísland kynnt: Stefnan mörkuð til 2030.

[NÁNAR](#)



21. desember

Réttindi trans og intersex fólks og barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni samþykkt á Alþingi.

[NÁNAR](#)

18. desember

Frumvörp til nýrra jafnréttis-laga samþykkt á Alþingi.

[NÁNAR](#)

16. desember

Lokauppgjör um samgirnissbætur samþykkt.

[NÁNAR](#)



12. desember

Ný markmið Íslands í loftslagsmálum kynnt á leiðtogafundi í dag.

[NÁNAR](#)

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



Ríkisstjórn og ráðherranefndir

Ríkisstjórnarfundir

Ríkisstjórnarfundir eru fundir allra ráðherra sem sæti eiga í ríkisstjórn Íslands. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum sem alla jafna eru haldnir tvisvar í viku á starfstíma Alþingis.

Á fundunum eru m.a. rædd mikilvæg stjórnarmál-efni og stjórnarfrumvörp og stjórnartillögur sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi. Dagskrá ríkisstjórnarfunda er birt á vef Stjórnarráðsins.

[DAGSKRÁ RÍKISSTJÓRNARFUNDA](#)

Ráðherranefndir

Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka. Hlutverk ráðherranefnda er að efla samráð og samstarf á milli ráðherra og ráðuneyta þeirra og tryggja samhæfingu ef málefnasvið skarast og til að undirbúa mál til framlagningar.

[NÁNAR UM RÁÐHERRANEFNDIR](#)

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR


ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins

Hlutverk forsætisráðuneytisins er að tryggja faglega umgjörð um störf ríkisráðs, ríkisstjórnar og ráðherranefnda, auk þess að veita faglega ráðgjöf um meðferð verkaskiptingarvalds forsætisráðherra sem og lögfræðilega ráðgjöf til annarra ráðuneyta um stjórnskipuleg og stjórnsýsluleg álitamál.

Hlutverk forsætisráðuneytisins er jafnframt að aðstoða forsætisráðherra og ríkisstjórn hvers tíma við að koma megináherslum sínum í framkvæmd. Þetta er gert með leiðsögn, forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins. Umfang og áherslur í starfsemi og rekstri forsætisráðuneytisins ráðast þannig mjög af stefnumálum og áherslum ríkisstjórnar hverju sinni.

Þá veitir ráðuneytið m.a. umsagnir um öll stjórnarfrumvörp sem lögð eru fram í ríkisstjórn auk þess að sinna sérstökum stjórnarmálefnum sem undir ráðuneytið heyrar, svo sem þjóðaröryggismálum, þjóðlendumálum, málefnum Vísinda- og tækniráðs og jafnréttismálum sem færðust til forsætisráðuneytisins í ársbyrjun 2019 og var sérstök skrifstofa jafnréttismála sett á fót í ráðuneytinu til að sinna málaflokknum.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

3.656

Mál í málaskrá

13.288

Innkomnir skráðir tölvupóstar

56

Upplýsingabeidnir

28.608

Skjöl í málaskrá

185

Fréttatilkynningar sendar út

421

Formlegar fyrirspurnir til ráðuneytisins

14.420

Innkomin skráð skjöl

29

Skriflegar fyrirspurnir frá Alþingi

478

Erindi tengd COVID-19

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL


JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



KONUR


KARLAR

Mannauður

Áhrif heimsfaraldurs COVID-19

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði mikil áhrif á starfsemi forsætisráðuneytisins á árinu 2020. Um 70% starfsfólks vann á einhverjum tímamarki tímabundið fjarvinnu til þess að tryggja sóttvarnir en vel tókst að halda starfsemi ráðuneytisins óraskaðri. Starfsfólki á einstökum sviðum var skipt upp í sóttvarnateymi sem skiptust á að vinna að heiman og á starfsstöð. Átti það við um nær öll störf í ráðuneytinu ef frá eru talin störf við öryggisvakt, veitingaþjónustu og slíkt. Starfsfólk ráðuneytisins var tæknilega vel undirbúið fyrir fjarvinnu.

Forsætisráðuneytið nýtti á árinu 2020 vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar. Var annars vegar um að ræða ráðningu á starfsfólki með skerta starfsgetu og hins vegar ráðningu nema í sumarstörf í ráðuneytinu.



Starfsfólk forsætisráðuneytis 2020. Ráðherra, aðstoðarmenn og fólk í vistaskiptum meðtalið.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Yfirlit yfir þingmál forsætisráðherra

Á árinu 2020 voru löggjafarþing nr. 150 og 151 starfandi. Forsætisráðherra lagði fram eftirfarandi frumvörp á Alþingi:

- Frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands.
- Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila).
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins, landeignaskrá, ráðstöfun landeigna, aukið gagnsæi o.fl.).
- Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið).
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt kynskráning).

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (ódæmigerð kyneinkenni).

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnismætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (lokauppgjör).

Átta af þessum níu frumvörpum urðu að lögum á árinu en aðeins frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum var ekki afgreitt á Alþingi. Þá var samþykkt tillaga til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025.

Ráðherra gerði einnig grein fyrir fimm munnlegum skýrslum til Alþingis á árinu, um stöðuna í stjórnámálum í byrjun árs og verkefnin framundan, um aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum vegna veirufaraldurs, um áhrif COVID-19 faraldursins og viðbrögð stjórnvalda, um stöðu mála vegna

heimsfaraldurs kórónuveiru og um valdheimildir sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra til opinberra sóttvarnaráðstafana.

Skriflegar skýrslur voru fimm, skýrsla um framkvæmd upplýsingalaga, skýrsla um aðdraganda og afleiðingar óveðurs 9.-11. desember 2019, skýrsla um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi, skýrsla um framkvæmd ályktana Alþingis 2019 og skýrsla um ábendingar sem varða stjórnsýsluna í rannsóknarskýrslum Alþingis.

Ráðherra tók þátt í tveimur sérstökum umræðum, svaraði þremur fyrirspurnum munnlega og 20 fyrirspurnum skriflega. Loks svaraði ráðherra 71 óundirbúinni fyrirspurn.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra

Heimsfaraldur COVID-19 setti mark sitt á allt alþjóðastarf forsætisráðherra á árinu 2020. Einungis einn fundur var sóttur erlendis, í upphafi árs þar sem forsætisráðherrar EES-EFTA ríkjanna funduðu í Osló, en að öðru leyti fóru allir fundir fram á fjarfundaformi eða í gegnum síma. Meginþema alþjóðlegra funda forsætisráðherra á árinu snerist um baráttuna gegn heimsfaraldrinum og afleiðingum hans. Að öðru leyti voru loftslagsmál og jafnréttismál ofarlega á baugi og þá ekki hvað síst með tilliti til afleiðinga faraldursins á þróun jafnréttismála í heiminum og grænnar uppbyggingar í kjölfar COVID-19.

Fyrri hluta árs átti forsætisráðherra tvo símafundi með Ursulu Von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, en fundi þeirra sem fara átti fram í Brussel í apríl var aflýst í ljósi aðstæðna. Meðal mála sem rædd voru var bann Evrópusambandsins við útflutningi sjúkravara út fyrir ríki Evrópusambandsins og nauðsyn þess að gerð yrði breyting á reglugerð ESB þannig að útflutningsbannið næði ekki til EES-EFTA ríkjanna. Einnig ræddu þær almennt þróun mála á Íslandi og meginlandi Evrópu í tengslum við útbreiðslu COVID-19 og samstarf á sviði loftslags- og jafnréttismála.

Norrænt samstarf og samtal var mjög virkt á árinu en auk hefðbundinna funda norrænu forsætisráðherranna átti forsætisráðherra þó nokkra símafundi með forsætisráðherrum allra Norðurlandanna þar sem farið var yfir stöðu mála vegna COVID-19. Fjarfundur norrænu leiðtoganna átta (N8) í júní snerist einnig að miklu leyti um aðgerðir gegn heimsfaraldrinum og hvernig Norðurlöndin gætu sem best samnýtt krafta sína í þessum aðstæðum. Meðal þess sem rætt var á fundinum var sú hugmynd að styrkja samstarf Norðurlanda varðandi öryggi birgða og viðbún- aðargetu og var ákveðið að vinna það verkefni áfram á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Norðurlandaráðsþing sem stóð til að færi fram á Íslandi í október var haldið á fjarfundaformi eins og aðrir fundir á þessu ári. Forsætisráðherra tók þar þátt í hefðbundnum fundi norrænna leiðtoga þar sem m.a. var samþykkt yfirlýsing um mikilvægi þess að áhersla sé lögð á sjálfbærar fjárfestingar sem hraði grænni umbreytingu og þjóni loftslagsmarkmiðum Parísarsáttmálans. Þá tóku norrænu forsætisráðherrarnir þátt í sérstökum fundi með fulltrúum Norðurlandaráðs ásamt António Guterres, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um áhrif COVID-19 faraldursins á Norðurlönd, samstarf þeirra og alþjóðlegt samstarf.

Forsætisráðherrar Íslands og Noregs áttu sameiginlegan fjarfund í júlí með samtökum norrænna forstjóra, Nordic CEO's for Sustainable Future, þar sem fylgt var eftir sameiginlegri yfirlýsingu af sumarfundi norrænna forsætisráðherra sem fram fór í Reykjavík 2019 um að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Á fundinum var lögð áhersla á mikilvægi samstarfs stjórnvalda og einkageirans um aukna sjálfbærni og að efla aðgerðir í loftslags- og jafnréttismálum (heimsmarkmið 5, 12 og 13).

Forsætisráðherra tók þátt í fjölmörgum fjarfundum og viðburðum á sviði jafnréttismála á árinu en öllum helstu fundum sem halda átti á þessu afmælisári þar sem minnst átti fjölmargra tímamóta á sviði jafnréttismála, var frestað eða aflýst í sínu upphaflega formi í ljósi faraldursins. Í umræðunni um jafnréttismál á alþjóðavettvangi hefur Ísland verið meðal forysturíkja í verkefni UN Women, Kynslóð jafnréttis, um gerð aðgerða-áætlana á alþjóðavísu um kynbundið ofbeldi.



Forsætisráðherra tók í aprílmánuði þátt í hringborðsumræðum leiðtoga á vegum UN Women og Efnahags- og framfarastofnunarinnar um áhrif COVID-19 á jafnréttismál og stöðu kvenna. Einnig ávarpaði forsætisráðherra sérstakan hátíðarfund allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í tilefni af 25 ára afmælis fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



um málefni kvenna sem haldin var í Peking árið 1995 þar sem samþykkt var pólitísk yfirlýsing og framkvæmdaáætlun um réttindi kvenna (Pekingáætlunin). Jafnframt tók forsætisráðherra þátt í hliðarviðburði jafnréttisráðherra Norðurlanda og Eustrasaltsríkjanna sem haldinn var af sama tilefni.

Forsætisráðherra, ásamt Audrey Azoulay, framkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), flutti einnig ávarp við opnun ráðstefnu UNESCO sem haldin var í tilefni alþjóðlegs baráttudags gegn kynbundnu ofbeldi. Forsætisráðherra fór þar yfir aðgerðir Íslands og lagasetningu sem ætlað er að sporna gegn kynbundnu ofbeldi og stuðla að kynjajafnrétti.

Forsætisráðherra opnaði Heimsþing kvenleiðtoga sem haldið hefur verið í Hörpu undanfarin ár en fór fram rafrænt að þessu sinni. Að loknu opunarávarpi tók forsætisráðherra þátt í umræðum um kynbundið ofbeldi, áhrifamátt kvenna í COVID-19 faraldrinum og áhrif hans á jafnréttismál í alþjóðlegu samhengi. Aðrir þátttakendur í umræðunum voru þær Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja Sjálands, Phumzile Mlambo-Ngcuka,

framkvæmdastjóri UN Women og Amanda Nguyen, stofnandi og framkvæmdastjóri mannréttinda-samtakanna Rise.

Einnig stýrði forsætisráðherra ársfundi Heimsráðs kvenleiðtoga (Council of Women World Leaders), þar sem forsætisráðherra er í forsæti. Á fundinum fór fram umræða um aukið kynbundið ofbeldi vegna heimsfaraldurs COVID-19 þar sem Phumzile Mlambo-Ngcuka, var frummælandi ásamt forsætisráðherra. Ársfundurinn, sem að þessu sinni fór fram með fjarfundarbúnaði, er fjölmennasti ársfundur Heimsráðsins frá stofnun þess árið 1996.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Ýmsir fundir voru haldnir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á árinu. Forsætisráðherra ávarpaði 75 ára afmælisfund Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var rafrænt í september, líkt og aðrir þjóðarleiðtogar heims. Forsætisráðherra sagði glímu heimsbyggðarinnar við kórónuveirufaraldurinn vera brýna áminningu um mikilvægi alþjóðasamstarfs, sem sjaldan hafi verið mikilvægara og hafna yrði sundrunaröflum og lýðhyggju.

Forsætisráðherra tilkynnti á alþjóðlegri ráðstefnu bólusetningarbandalagsins Gavi, sem fram fór í júní, um 500 millj. kr. framlag Íslands til sérstaks aðgerðabandalags fjölmargra ríkja, fyrirtækja og stofnana.

Aðgerðabandalagið, COVAX, miðar að því að hraða þróun, framleiðslu og dreifingu á bóluefni við COVID-19 og stuðla að sýnatökum og meðferðarúræðum fyrir alla, óháð búsetu og efnahag.

Forsætisráðherra tók einnig þátt í sérstökum leiðtogafundi um loftslagsmál í tilefni fimm ára afmælis Parísaryfirlýsingarinnar, sem haldinn var á vegum Sameinuðu þjóðanna í lok árs. Þar kynnti forsætisráðherra ný metnaðarfull markmið

Íslands í loftslagsmálum en tilgangur fundarins var að vekja athygli á loftslagsvánni og skapa vettvang fyrir nýja sókn til að ná markmiðum Parísarsamningsins.

Þá tók forsætisráðherra þátt í ýmsum alþjóðlegum ráðstefnum þar sem komið var inn á baráttu heimsins gegn COVID-19, þ.m.t. á vegum bandarísku mannúðarsamtakanna CARE, og í ráðstefnunni Race to Zero Dialogues þar sem rætt var um þær áskoranir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga, líffræðilegs fjölbreytileika, lýðheilsu og heimsfaraldurs.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2020

COVID-19

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Viðbrögð stjórnvalda vegna COVID-19

Frá því að kórónuveirufaraldurinn hófst snemma árs 2020 hefur stjórnkerfið brugðist hratt við og aðlagð sig að breyttum veruleika. Öll ráðuneyti hafa komið að COVID-tengdum málum, þó í mismiklum mæli. Verkefni stjórnvalda á þessu tímabili hafa kallað á umfangsmikið samráð.

Ríkisstjórnin hefur haft það að leiðarljósi í gegnum kórónuveirufaraldurinn að setja heilbrigði þjóðarinnar í forgang, verja líf og heilsu fólks og lágmarka neikvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif. Faraldurinn hefur dregist á langinn um allan heim og nú er ljóst að faraldurinn og eftirmál hans munu hafa mikil áhrif á líf og lífsviðurværi Íslendinga næstu misserin.

Í þessu mikilvægasta verkefni samfélagsins er brýnt að stjórnsýslan vinni saman sem ein heild enda snerta afleiðingar faraldursins flest svið þess. Stærð verkefnisins, fjölbreytni þess og ófyrirsjáanleiki við töku afdrifaríkra ákvarðana er slíkur að fá dæmi eru um. Við þessar aðstæður er mikilvægt að skipulag, verkferlar og ábyrgð séu skýr og upplýsingagjöf greið og samhæfð.

Forsætisráðuneytið hefur með höndum forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðs Íslands. Markmið og verkefni forsætisráðuneytisins í þessu samhæfingarverkefni eru:

Markmið

Að ríkisstjórn hafi sem bestar upplýsingar um COVID-19 til að byggja ákvarðanir sínar á.

Verkefni

1. **Stefnumótun:** Ráðgjöf til ríkisstjórnar um stefnumótun og samhæfingu stefnumótunar þvert á stjórnkerfið
2. **Yfirsýn:** Fylgjast með aðgerðum stjórnvalda, tengja saman, stuðlar að samvinnu og samráði milli hlutaðeigandi ráðuneyta við undirbúning mála sem leggja þarf fyrir ríkisstjórn, ráðherranefnd um samræmingu mála og ráðuneytisstjórahóp og varða viðbrögð við heimsfaraldrinum.
3. **Upplýsingamiðlun:** Samhæfa upplýsingamiðlun þvert á stjórnkerfið.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



COVID-frumvörp ríkisstjórnarinnar

Viðspyrna fyrir íslenskt efnahagslíf í kjölfar kórónuveirufaraldursins af hálfu hins opinbera hófst með því að ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 10. mars 2020 að beita sér fyrir markvissum aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum COVID-19. Stuttu síðar, eða 21. mars, lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram fyrsta COVID-frumvarpið á 150. löggjafarþingi, frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, sem samþykkt var á Alþingi 30. mars.

Í kjölfarið komu 25 önnur frumvörp frá flestum ráðherrum. Mörg frumvörp snerust um efnahagslegar aðgerðir í þágu einstaklinga og fyrirtækja en einnig um eins ólík fyrirbæri og almannavarnir, meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum, atvinnuleysistryggingar, átak í fráveitumálum, uppbyggingu samgönguinnviða og ferðagjöf. Eitt af fyrstu málunum var frumvarp sem sneri að því að veita undanþágu frá ákvæðum um CE-merkingu á andlitsgrímum sem áttu eftir að setja stóran svip á samfélagið og gera enn.

Framhald var á COVID-málum ríkisstjórnarinnar á 151. löggjafarþingi sem sett var 1. október 2020. Ný frumvörp komu frá flestum ráðherrum og snerust m.a. um tekjufallsstyrki, lokunarstyrki og viðspyrnustyrki, um listamannalaun, tollkvóta, tekjutengdar bætur, greiðslur til íþróttafélaga, félagslega aðstoð, sjúklingatryggingar o.fl. Á 151. löggjafarþingi á árinu 2020 voru 15 COVID-frumvörp lögð fram á Alþingi og voru 13 þeirra samþykkt fyrir áramót. Það þýðir að 41 COVID-frumvarp frá ríkisstjórninni kom til kasta Alþingis á árinu 2020, 26 á 150. og 15 á 151. löggjafarþingi. Í venjulegu árferði eru um 100 stjórnarfrumvörp afgreidd á hverju löggjafarþingi þannig að ljóst er að COVID-frumvörp hafa verið drjúg viðbót.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL


JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Aðgerðir á landamærum

Forsætisráðherra fer með samhæfingu sóttvarnaaðgerða á landamærum en vorið 2020 hófst skimun komufarþega sem gátu þá fengið undanþágu frá tveggja vikna sóttkví. Í því skyni var skipað samhæfingarteymi vegna skimunar á landamærum. Hlutverk teymisins hefur verið að stuðla að því að stjórnvöld og helstu aðilar sem koma að framkvæmd sóttvarnaaðgerða á landamærum vinni vel saman.

Í teyminu eru auk fulltrúa forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður, fulltrúar frá sóttvarnalækni, Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem tók að sér samræmingarhlutverk á landsvísu varðandi sýnatökur, almannavarnadeild ríkislög-reglustjóra, landamæraeftirlits lögreglu, Isavia og Ferðamálastofu. Þá hafa áheyrnarfulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunni, Skattinum, Útlendingastofnun og Sjúkratryggingum Íslands starfað með teyminu.

Ein helsta áskorun teymisins hefur verið að laga aðgerðir á landamærum hratt og vel að ákvörðunum stjórnvalda en þær hafa tekið mið af stöðu faraldursins hverju sinni. Byrjað var að skima alla komufarþega 15. júní en síðan fjölgaði tímabundið svokölluðum öruggum ríkjum þar sem skimun taldist óþörf. Undir lok sumars breyttist staðan og var ákveðið að allir komufarþegar þyrftu að fara í tvöfalda skimun með 5-6 daga sóttkví á milli.

Einnig hefur þurft að samræma aðgerðir á mismunandi landamærastöðum. Þannig voru samsvarandi aðgerðir á Keflavíkurlugvelli, Reykjavíkurlugvelli, Akureyrarflugvelli, Egilsstaðaflugvelli og gagnvart farþegum sem koma með Norrænu til Seyðisfjarðar.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2020

Efnahagsmál

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA


Tekjusagan – gagnagrunnur um þróun lífskjara uppfærður

Tekjusagan.is er gagnvirkur vefur stjórnvalda sem gerir almenningi kleift að skoða á aðgengilegan hátt breytingar á lífskjörum einstakra hópa yfir tímabil sem spannar um aldarfjórðung.

Gögn eru fengin hjá Hagstofu Íslands og byggjast á ópersónugreinanlegum upplýsingum úr skattframtölum árána 1991-2019. Tekjusagan sýnir þróun ráðstöfunartekna, eigna og skulda hjá mismunandi hópum landsmanna á skýran og einfaldan hátt og nýtist almenningi, fræðafólki og stjórnvöldum m.a. við að meta áhrif breytinga á sköttum og bótum á lífskjör einstakra hópa.

Vefurinn var fyrst opnaður í ársbyrjun 2019 en hefur nú verið uppfærður með gagnlegum upplýsingum um kyn, menntun og dreifingu eigna og skulda landsmanna.

[TEKJUSAGAN.IS](https://tekjusagan.is)



EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



Samráð við aðila vinnumarkaðarins

Ríkisstjórnin hefur á kjörtímabilinu lagt áherslu á samráð við aðila vinnumarkaðarins um ýmis viðfangsefni sem snúa að samskiptum vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Afrakstur þess birtist m.a. í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út til að liðka fyrir gerð lífskjarasamninganna vorið 2019. Í henni eru settar fram 45 aðgerðir sem styðja við markmið um stöðugleika í efnahagsmálum og bætt kjör launafólks.

Í kjölfar samtala við samningsaðila í tengslum við mat á forsendum lífskjarasamningsins í lok september 2020 kynnti ríkisstjórnin átta nýjar aðgerðir til að stuðla að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika sem m.a. fela í sér framlengingu á áttakinu „Allir vinna“, lækkun tryggingagjalds út 2021, fjárstuðning vegna tekjufalls, skattaívilnanir til fjárfestinga með áherslu á græna umbreytingu, verulega hækkun framlaga til nýsköpunar og matvælaframleiðslu, úrbætur á skipulags- og byggingamálum og umbætur á lífeyriskerfinu og á vinnumarkaði.

Þjóðhagsráð aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og Seðlabankans hefur að markmiði að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál. Í ráðinu er m.a. fjallað um stöðuna í efnahags- og félagsmálum og rætt um samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni.

Þjóðhagsráð fundar að jafnaði ársfjórðungslega en vegna þeirra alvarlegu áhrifa sem heimsfaraldur hefur haft á þjóðarbúið voru haldnir sjö fundir í ráðinu á árinu 2020, m.a. til að ræða aðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka til að mæta afleiðingum COVID-19, atvinnuástandið og úrræði á vinnumarkaði. Á sérstökum útvíkkuðum fundi ráðsins í júní 2020 þar sem fulltrúum stjórnarandstöðunnar á Alþingi var boðin þátttaka var rætt um hvernig Ísland geti skapað sér efnahagslegt forskot og félagslega og umhverfislega sérstöðu í alþjóðlegu samhengi í kjölfar COVID-19.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Sameining Seðlabanka og fjármálaeftirlits

Í upphafi árs 2020 sameinuðust Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn undir nafni Seðlabanka Íslands með það að markmiði að auka traust, gagnsæi og skilvirkni við yfirstjórn efnahagsmála og fjármálaeftirlits. Aðgerðirnar eru afrakstur samráðs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins undanfarið ár.

Aðdraganda sameiningarinnar má rekja til ákvörðunar ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins í október 2018 um að hefja endurskoðun lagaumgjarðar um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit í kjölfar umfangsmikillar skoðunar og undirbúningsvinnu. Þannig er styrkt sú sýn að öflugt fjármálaeftirlit, sjálfstæð peningastefna og fjármálastöðugleiki séu óaðskiljanlegir þættir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika

Markmiðið Seðlabankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Við sameininguna urðu breytingar á stjórnskipan Seðlabankans þannig að þrjár varaseðlabankastjórar leiða nú málefni sem varða hvert þriggja meginhlutverka Seðlabankans, peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlit.

Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun Seðlabankans. Þrjár nefndir taka ákvarðanir um að beita tilteknum valdheimildum bankans. Þær eru peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd. Nefndirnar eru skipaðar fimm til sjö manns, bæði embættismönnum Seðlabankans og utanaðkomandi sérfræðingum á viðkomandi sviðum.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2020

Jafnréttismál

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Jafnréttismál í forsætisráðuneytinu

Á skrifstofu jafnréttismála starfa, auk skrifstofustjóra, fjórir sérfræðingar sem sinna margvíslegum verkefnum. Skrifstofan fer með stefnumótun á sviði jafnréttismála, sinnir ýmiss konar alþjóðastarfi og hefur fyrirvar fyrir hönd forsætisráðuneytisins gagnvart einstaklingum, hagsmunaaðilum og félagasamtökum á sviði jafnréttismála. Þá sinnir skrifstofa jafnréttismála almennri upplýsingagjöf til Alþingis og nefnda þingsins.

Árið 2020 mældist Ísland í efsta sæti á kynjajafnréttislista Alþjóða-efnahagsráðsins, (World Economic Forum) ellefta árið í röð og hækkaði um fjögur sæti á milli ára á Regnbogakortinu sem er úttekt á stöðu og réttindum hinsegin fólks í Evrópu. Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á jafnréttismál og í stefnuýfirlýsingu hennar kemur fram það markmið að Ísland verði í fremstu röð hvað varðar málefni hinsegin fólks.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Lagasetning í jafnréttismálum

Ný jafnréttislög

Frumvörp forsætisráðherra til nýrra jafnréttislaga voru samþykkt á Alþingi 17. desember 2020. Frumvörpin voru tvö, annars vegar frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem varð að lögum nr. 150/2020 og hins vegar frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála sem varð að lögum nr. 151/2020. Síðarnefndu lögin lúta að skipulagi stjórnslu á sviði jafnréttismála. Þau lög ná m.a. til starfa Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála.

Í fyrsta skiptið í íslenskum rétti er kveðið á um bann við fjölþættri mismunun en slíkt ákvæði veitir meðal annarra fötluðum konum og konum af erlendum uppruna aukna vernd.

Þá er í fyrsta skiptið gert ráð fyrir þremur hópum fólks með mismunandi kynskráningu, þ.e. konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá.

Réttindi trans og intersex fólks og barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni betur tryggð

Frumvörp forsætisráðherra sem tryggja rétt fólks með kynhlutlausa skráningu og trans fólks auk barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni voru samþykkt á Alþingi í lok desember 2020.

- Breytt aldursviðmið til að breyta opinberri skráningu kyns samhliða nafni, miðað verður við 15 ára aldur í stað 18 ára.
- Réttur barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni tryggður gegn ónauðsynlegum skurðaðgerðum.
- Breytingar á ýmsum lögum til að tryggja lagaleg réttindi fólks með kynhlutlausa skráningu og trans fólks.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni

Tillaga til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni samþykkt á Alþingi

Þingsályktunartillaga forsætisráðherra um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025 var samþykkt á Alþingi á árinu. Um er að ræða fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni hér á landi. Framkvæmdinni verður fylgt eftir af forsætisráðuneytinu.

Unnið er að gerð mælaborðs um aðgerðir í forvarnaáætluninni. Markmiðið með mælaborðinu er að fylgja eftir aðgerðum í áætluninni og verður það uppfært reglulega í samræmi við framgang mála.

Alþjóðleg ráðstefna samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi 2021

Ríkisstjórnin samþykkti að veita 15 millj. kr. til að standa að alþjóðlegri ráðstefnu samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi 2021. Ráðstefnan verður haldin í Hörpu 16.–18. ágúst 2021.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Kynbundinn launamunur

Jafnlaunavottun, jafnlaunastaðfesting, könnun um innleiðingu jafnlaunastaðals og launarannsókn

Lög um jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu ná til fyrirtækja og stofnana með 25 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli. Markmið með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu er að tryggja sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og vinna þannig gegn kynbundnum launamun.

Þann 31. desember 2020 höfðu 275 fyrirtæki og stofnanir öðlast jafnlaunavottun. Hjá þessum aðilum starfa um 60% þess starfsfólks sem ákvæði laga um jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu ná til.

Í könnun forsætisráðuneytisins í lok árs 2020 um innleiðingu jafnlaunastaðals hjá fyrirtækjum og stofnunum kom fram almenn ánægja með áhrif

staðalsins á skipulag við launasetningu, jöfn laun og orðspor fyrirtækis og stofnunar. Niðurstöður sýndu jafnframt að innleiðing jafnlaunastaðals hafði víðtækari áhrif en kröfur staðalsins segja til um. Þannig hafði töluverður hluti fyrirtækja og stofnana samhliða innleiðingu skoðað aðra þætti sem áhrif hafa á jafnrétti innan skipulagsheilda. Nefna má kynjaskiptingu í stjórnunarstöðum, yfirvinnu og aukagreiðslur eftir kyni.

Í október 2020 undirritaði forsætisráðuneytið samning við Hagstofu Íslands um launarannsókn sem nær til alls vinnumarkaðarins. Könnunin mun m.a. gefa fyrstu vísbendingar um áhrif jafnlaunavottunar á kynbundinn launamun.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Starfshópur um endurmat á störfum kvenna

Starfshópur ráðuneyta og aðila vinnumarkaðar var skipaður í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með kjarasamningum á opinberum markaði.

Starfshópurinn á að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma kynbundnum launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði og skulu þær aðgerðir hafa að leiðarljósi að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta.

Fyrsti alþjóðlegi jafnlaunadagurinn haldinn að frumkvæði Íslands

Að tillögu Íslands samþykkti mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna ályktun árið 2019 um að haldinn skyldi alþjóðlegur jafnlaunadagur 18. september ár hvert og var hann haldinn í fyrsta sinn 2020 af alþjóðasamtökum um launajafnrétti (EPIC).

Nýtt mælaborð um aðgerðir í jafnréttismálum

Mælaborð um aðgerðir í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020-2023 kom út á vef Stjórnarráðsins á árinu og með því er aðgerðum í framkvæmdaáætlun fylgt eftir. Mælaborðið er uppfært reglulega í samstarfi við öll ráðuneyti í samræmi við framgang mála.

Jafnréttisþing

Fjölmennt jafnréttisþing var haldið í Hörpu hinn 20. febrúar 2020. Yfir 300 gestir tóku þátt í þinginu, auk þess sem streymt var frá viðburðinum. Yfirskrift þingsins var „Jafnrétti í breyttum heimi: Kyn, loftslag og framtíðin“. Fjallað var um samspil jafnréttis- og umhverfismála í samhengi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Forsætisráðuneytið og Jafnréttisráð stóðu að þinginu í samstarfi við Stúdentaráð Háskóla Íslands.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



COVID-19 og jafnréttismál

Á árinu hefur forsætisráðuneytið, í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, annars vegar birt reglulega upplýsingar um áhrif ákveðinna mótvægisáðgerða stjórnvalda vegna COVID-19 á stöðu kynjanna á Íslandi og hins vegar greint frá þeim aðgerðum sem sérstaklega er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna á meðan á faraldrinum stendur, [sjá nánar hér](#).

Þá hefur ráðuneytið reglulega unnið kynjagreiningu á áhrifum af reglugerðum sem hafa verið settar til að sporna við útbreiðslu faraldursins.

Forsætisráðherra tekur við formennsku í Heimsráði kvenleiðtoga

Hinn 19. febrúar 2020 tók forsætisráðherra við formennsku í Heimsráði kvenleiðtoga. Heimsráð kvenleiðtoga var stofnað árið 1996. Félagar í samtökunum eru starfandi og fyrrverandi forsetar og forsætisráðherrar úr röðum kvenna, alls 77 konur frá yfir fimmtíu ríkjum.

Ísland meðal forysturíkja átaksverkefnis UN Women: Kynslóð jafnréttis

Hinn 1. júlí 2020 var tilkynnt að Ísland yrði á meðal forysturíkja átaksverkefnisins Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum) á vegum stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women. Kynslóð jafnréttis er stærsta verkefni UN Women hingað til og meðal helstu áherslumála aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Átakið er til næstu fimm ára og er skilgreint í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030.

Hlutverk Íslands sem forysturíkis í verkefninu samræmist markmiðum ríkisstjórnarinnar að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi af öllu tagi.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Jafnréttissjóður Íslands

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður í tilefni af 100 ára kosningarréttarafmæli íslenskra kvenna 19. júní 2015, til fimm ára.

Árið 2020 bárust 88 umsóknir og úthlutað var styrkjum til 19 verkefna og rannsóknna, alls 92 millj. kr. Fjögur verkefni hlutu hvert um sig 9 millj. kr. styrk. Linda Rós Eðvarðsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Immigrant Women's Experiences of Employment-Based Violence in Iceland, Háskólinn í Reykjavík hlaut styrk vegna verkefnisins Réttarsalur í sýndarveruleika og áhrif hans á upplifun þolenda kynferðisofbeldis, Edda Björk Þórðardóttir hlaut styrk til verkefnisins Sexual Harassment and Violence in the Work Environment og Norðurslóðanet Íslands hlaut styrk til verkefnisins Gender Equality in the Arctic.

Jafnréttisráð

Ráðið hefur veitt árlega, í samráði við ráðherra jafnréttismála, jafnréttisviðurkenningu þeim einstaklingi, fyrirtæki, stofnun eða samtökum sem hafa sýnt sérstaka framtakssemi á sviði jafnréttismála. Jafnréttisviðurkenningu hlutu að þessu sinni Stelpur rokka! fyrir að hafa í starfi sínu skapað rými fyrir stúlkur og kynsegin fólk til að stíga fyrstu skrefin í tónlistarsköpun. Sérstök hvatningarverðlaun hlaut Loftslagsverkfall ungs fólks vegna baráttu fyrir aðgerðum á sviði loftlagsmála. Jafnréttisráð starfaði undir formennsku Silju Báru Ómarsdóttur á árinu.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2020

Ýmis verkefni

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Loftslagsmál

Ný metnaðarfull markmið í loftslagsmálum kynnt á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna

Á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var með breskum og frönskum stjórnvöldum í desember 2020, var Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra meðal þjóðarleiðtoga sem kynntu ný markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnishlutleysi og framlög til loftslagsmála í þróunarlöndunum.

Aðeins leiðtogum þeirra ríkja sem voru tilbúin að kynna ný og metnaðarfull loftslagsmarkmið til að ná þeim markmiðum var boðin þátttaka á fundinum.

Sett voru fram þrjú ný markmið í loftslagsmálum á leiðtogafundinum:

- Aukinn samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda. Farið verður úr núverandi markmiði um 40% samdrátt frá 1990-2030 í 55% eða meira. Þetta markmið tengist samfloti Íslands með ESB og Noregi.

- Að Ísland nái markmiði sínu um kolefnishlutleysi 2040. Stjórnvöld beri ábyrgð á því að aðgerðir verði eflar til að Ísland nái markmiði um kolefnishlutleysi 2040 og áfangamarkmiði 2030.
- Aukin áhersla á loftslagstengd þróunarsamvinnuverkefni. Slík verkefni verði einkum á sviði sjálfbærrar orku þar sem íslensk sérþekking kemur til með að nýtast.

Ríkisstjórnin kynnti uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sumarið 2020. Áætlunin gerir ráð fyrir meiri samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en krafa er gerð um í núverandi samkomulagi Íslands og Noregs við ESB vegna Parísarsáttmálans. Ísland er því vel undirbúið að takast á við ný og metnaðarfullri markmið í loftslagsmálum. Til að mæta breyttum markmiðum verða framlög til loftslagsmála aukin um 1 milljarð kr. á ári á árunum 2021-2031 en þeim fjármunum verður einkum varið til að efla valdar aðgerðir í aðgerðaáætlun á sviði sviði náttúrumiðaðra lausna, landbúnaðar, orkuskipta og í frekari stuðning við breyttar ferðavenjur.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Ráðherranefnd um loftslagsmál

Lofslagsmálin snerta flest svið samfélagsins og eru því viðfangsefni fjölmargra ráðuneyta og stofnana innan stjórnkerfisins. Ríkisstjórnin hefur á kjörtímabilinu unnið markvisst að því að efla stjórnýslu loftslagsmála og auka samþættingu og skilvirkni aðgerða.

Mikilvægur liður í að efla stjórnýslu loftslagsmála var stofnun ráðherranefndar um loftslagsmál sem hefur það hlutverk að efla samráð og samhæfingu meðal þeirra ráðuneyta sem vinna að framgangi loftslagsmála innan Stjórnarráðsins. Nefndinni er einnig ætlað að vera vettvangur fyrir pólitíska stefnumótun og umræður um aðgerðir á sviði loftslagsmála. Nefndinni er jafnframt ætlað að koma að uppfærslu og framkvæmd aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum, fjalla um umræður á alþjóðavettvangi um nýjar

skuldbindingar og stefnu Íslands varðandi kolefnishlutleysi. Jafnframt hefur verið komið á fót sérstakri samstarfsnefnd ráðuneytisstjóra þeirra ráðuneyta sem fara með verkefni á sviði loftslagsmála sem hefur það hlutverk að stuðla að yfirsýn, samráði og samþættingu innan Stjórnarráðsins og stofnana ríkisins og tryggja sem besta eftirfylgni áætlana og ákvarðana sem teknar eru á sviði loftslagsmála.

Forsætisráðherra, umhverfis- og auðlinda- ráðherra, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra eiga fast sæti í nefndinni.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Þjóðaröryggisráð

Forsætisráðherra er formaður þjóðaröryggisráðs og veitir forsætisráðuneytið ráðinu alla nauðsynlega starfsaðstöðu og aðstoð við störf þess. Ráðið er vettvangur víðtæks samráðs og samhæfingar um þjóðaröryggismál og hefur eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis.

Ráðið leggur mat á ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og fjallar um mörg önnur málefni sem snerta þjóðaröryggi. Þjóðaröryggisráð beitir sér fyrir opinni og lýðræðislegri umræðu um þjóðaröryggismál og eflingu fræðslu og upplýsingagjafar um þau mál.

Á árinu 2020 hélt ráðið þrjá reglulega fundi og tvo sérstaka upplýsinga- og stöðufundi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Á reglulegum fundum ráðsins er fjallað um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni og varða framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar eða kunna að hafa áhrif á stefnuna og framkvæmd hennar.

Boðað var til sérstaks fundar þjóðaröryggisráðs 31. janúar 2020 í tilefni af yfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar 30. janúar 2020 um heimsfaraldur kórónuveiru og mögulega heilbrigðisógn hér á landi. Þótti ráðlegt að boða þjóðaröryggisráð saman þótt með stuttum fyrirvara væri og fara yfir stöðuna með sóttvarnalækni og heilbrigðisráðherra auk fulltrúa almannaþingarinnar hjá Ríkislögreglustjóra. Þá var haldinn annar sérstakur upplýsinga- og stöðufundur þjóðaröryggisráðs í byrjun mars 2020 um viðbrögð og viðbúnað vegna COVID-19 þar sem smit höfðu greinst hjá einstaklingum hér á landi og gripið hafði verið til sóttvarnaráðstafana af því tilefni. Tilgangur fundarins var að fara yfir stöðu mála og fyrirsjáanlega þróun.

[ÞJÓÐARÖRYGGISRÁÐIÐ](#) 

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Mat á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum

Í samræmi við það hlutverk þjóðaröryggisráðs að meta ástand og horfur í þjóðaröryggismálum samþykkti ráðið í maí 2018 að skipa stýrihóp til að gera tillögu að slíku mati sem lægi stefnumótun og áætlanagerð til grundvallar.

Tillaga stýrihóps að skýrslu þjóðaröryggisráðs um mat á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum var samþykkt á fundi þjóðaröryggisráðs 7. febrúar 2020. Í mars 2020 samþykkti þjóðaröryggisráð að tillögu stýrihópsins að taka matsskýrsluna fyrir að nýju, þar sem heimsfaraldur kórónuveiru hefði gjörbreytt stöðunni í heimsmálum og íslensku samfélagi. Var unnið að uppfærslu tillögunnar á árinu 2020 og fjallað sérstaklega um COVID-19 og afleiðingar faraldursins.

Ráðstefna um fjölpáttáögnir

Þann 27. febrúar 2020 stóð þjóðaröryggisráð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um fjölpáttáögnir (hybrid threats) í Hátíðasal Háskóla Íslands. Fjölmarginir erlendir og innlendir sérfræðingar tóku þátt.

Fjallað var um fjölpáttáögnir í víðum skilningi. Hvað felst í hugtakinu, hvernig getum við aukið varnir gegn fjölpáttáögnum, verndað lýðræðisleg grunnildi og styrkt áfallapol samfélagsins gagnvart fjölpáttáögnum?

Þjóðaröryggisráð gekkst fyrir ráðstefnunni í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Fjölmiðlanefnd, Kvikmyndamiðstöð, Varðberg, utanríkisráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Persónuvernd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóra og nefnd um samningu heildarlaga um starfsemi stjórnmalaflokka. Gefin var út [samantekt frá ráðstefnunni](#) sem er á vefsvæði þjóðaröryggisráðs.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Vinnuhópur gegn upplýsingaóreiðu

Þjóðaröryggisráð samþykkti 17. apríl 2020 að koma á laggirnar vinnuhópi þjóðaröryggisráðs um upplýsingaóreiðu og COVID-19 til að kortleggja birtingarmyndir og umfang upplýsingaóreiðu í tengslum við COVID-19 hér á landi og gera tillögur um aðgerðir til þess að sporna gegn henni. Í lok október 2020 skilaði vinnuhópurinn skýrslu þar sem fjallað er um mikilvægi upplýsingamiðlunar og lýðheilsu, nýtt tæknihverfi og miðlun upplýsinga, samstarf hópsins við Vísindavef Háskóla Íslands og alþjóðasamstarf á þessu sviði.

Í skýrslunni er ítarlega fjallað um niðurstöður kannana sem vinnuhópurinn stóð fyrir í samvinnu við rannsóknarfyrirtækið Maskínu í júní og ágúst 2020, þar sem m.a. var leitað svara við spurningum um hvernig fólk aflaði sér upplýsinga um kórónuveiruna og COVID-19, traust á upplýsingamiðlun og hvort og þá hvernig misvísandi eða rangar upplýsingar um veiruna og sjúkdóminn hefðu borist almenningi. Kannanirnar tóku mið af sambærilegum alþjóðlegum könnunum um efnið.

Í skýrslunni má enn fremur lesa ábendingar hópsins sem m.a. lúta að mikilvægi tímanlegrar og áreiðanlegrar upplýsingamiðlunar stjórnvalda, að starfsreglur tæknifyrirtækja sem miðast við að sporna gegn upplýsingaóreiðu nái einnig til starfsemi þeirra hér á landi, að sett verði samræmd stefna um miðlalæsi sem nái til allra hópa samfélagsins, að auka þurfi þekkingu og samstarf um greiningu á misnotkunartækni í samfélags- eða fjölmiðlaumræðu og að endurtaka reglulega kannanir af því tagi sem vinnuhópurinn stóð fyrir á meðan COVID-19 faraldurinn stendur yfir.

Skýrsla vinnuhópsins var gefin út bæði á íslensku og ensku og birt á vefsvæði þjóðaröryggisráðs.

[SKÝRSLA ÞJÓÐARÖRYGGISRÁÐS](#)

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ungmennaráð HMSÞ

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Þau mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar –efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar – og taka til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs.

Forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti leiða verkefnið í sameiningu en í verkefnastjórninni sitja fulltrúar allra ráðuneyta, Alþingis, Hagstofu Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og áheyrnarfulltrúar frá Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og ungmennaráði heimsmarkmiðanna. Í vinnunni er lögð áhersla á að samþætta heimsmarkmiðin við alla stefnumótun stjórnvalda. Einnig á sér stað viðamikil gagnaflokkun en Hagstofa Íslands heldur utan um vef með upplýsingum um mælikvarða sem hlutgera heimsmarkmiðin og skilgreindir eru af Sameinuðu þjóðunum. Jafnframt er lögð áhersla á almennt kynningarstarf sem og samstarf við ólíka hagsmunaaðila um markmiðin.

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna var fyrst skipað vorið 2018 og samanstendur af tólf fulltrúum á aldrinum 13–18 ára víðs vegar að af landinu. Hlutverk ráðsins er að vekja athygli almennings á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun og jafnframt veita stjórnvöldum ráðgjöf við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Embætti umboðsmanns barna heldur utan um starfsemi ungmennaráðsins sem hefur á tímum COVID-19 eingöngu verið rafræn. Á fundi með ráðherrum í júní kom ungmennaráðið á framfæri áherslum sínum er varða málefni barna og ungmenna í anda heimsmarkmiðanna og með hliðsjón af áhrifum faraldursins. Meðal þess sem rætt var

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



um voru viðkvæmir hópar í skólakerfinu, aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og óhefðbundnir kennsluhættir. Þá var lögð áhersla á mikilvægi snemmtæktrar íhlutunar og þjónustu fyrir börn af erlendum uppruna og börn með fatlanir. Að auki var undirstrikað mikilvægi samráðs við börn og ungmenni um málefni er varða þau.

Aukið samráð milli ríkis og sveitarfélaga

Aukin áhersla hefur verið lögð á virka þátttöku sveitarfélaga í innleiðingu heimsmarkmiðanna á heimsvísu enda áætla Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) að um 65% af 169 undir- markmiðum heimsmarkmiðanna náist ekki nema með aðkomu sveitarfélaga. Því var ákveðið að styrkja enn frekar samstarf ríkis og sveitarfélaga hér á landi með stofnun samstarfsvettvangs

[HEIMSMARKMIDIN.IS](https://heimsmarkmidin.is)

um heimsmarkmiðin. Þar eiga sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnar- ráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Meðal fyrstu verkefna vett- vangsins var að vinna að og gefa út verkfærakistu um heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög með það að markmiði að veita leiðbeiningar um hvernig vinna megi að innleiðingu markmiðanna.

Vefsíða og upplýsingagátt

Á vefsíðu stjórnvalda um heimsmarkmiðin, heimsmarkmidin.is, er opin upplýsingagátt sem gefur einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum og öðrum tækifæri til þess að setja inn þau verkefni sem stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna. Þar er einnig að finna ýmiss konar hagnýtar upplýsingar um markmiðin og vinnu stjórnvalda við innleiðingu þeirra.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



Aðgerðaáætlun um fjórðu iðnbyltinguna

Verkefnisstjórn um aðgerðir vegna fjórðu iðnbyltingarinnar skilaði tillögum í maí 2020. Í aðgerðaáætluninni eru 27 aðgerðir sem stjórnvöld vinna nú að.

Hún byggist á ítarlegri greiningu á þeim tækifærum og áskorunum sem fjórða iðnbyltingin hefur í för með sér fyrir íslenskt samfélag. Ljóst er að ný tegund sjálfvirknivæðingar leiðir til verulegra breytinga á vinnumarkaði og stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að sanngjörnum skiptum þeirra gæða sem af hljótast.

Unnið er að því innan Stjórnarráðsins að hrinda tillögum verkefnisstjórnarinnar í framkvæmd. Sumt snýr að innviðum stjórnkerfisins, annað að því að efla stofnanir og sjóði sem vinna eiga að frumkvöðlastarfi og nýsköpun. Meðal verkefna er að móta stefnu Íslands í málefnum gervigreindar. Í tengslum við þetta ákvað ríkisstjórnin að ráðast í fræðsluáttak fyrir almenning um gervigreind. Markmið fræðsluáttaksins er að efla fólk til að nýta sér þau tækifæri sem felast í gervigreind í sínu nærumhverfi á vinnumarkaði og annars staðar.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Endurskoðun lagaumhverfis Vísinda- og tækniráðs

Frá því að lög um Vísinda- og tækniráð voru samþykkt árið 2003 hafa miklar breytingar orðið á málaflokki vísinda, tækni og nýsköpunar og fram hafa komið ábendingar um að breytinga sé þörf.

Verkefnishópur um endurskoðun lagaumhverfis Vísinda- og tækniráðs var skipaður í árslok 2018 og skilaði hann tillögum í ágúst 2020. Í skýrslunni er fjallað um stöðu mála hérlendis, greint frá fyrirkomulagi í nokkrum samanturðarlöndum og lagðar fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi yfirstjórnar vísinda-, tækni- og nýsköpunarmála.

Lagt er til að ný ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun verði lögfest og leidd af forsætisráðherra. Hlutverk ráðherranefndarinnar verði að vinna að samræmdri sýn og stefnu um vísindi, nýsköpun og tækni þvert á ráðuneyti. Ráðherranefndin gefi út langtímasýn til tíu ára og stefnu og aðgerðaáætlun til skemmri tíma.

Einnig verði skipað Vísinda- og nýsköpunarráð með níu fulltrúum sem hafi yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á þessu sviði. Hlutverk ráðsins verði að veita ráðherranefndinni ráðgjöf og fjalla um stöðu vísinda, nýsköpunar og tækni á Íslandi með tilliti til alþjóðlegrar þróunar á sviðinu.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Samráðsgátt

Samráðsgáttin var opnuð í febrúar 2018 og er orðin mikilvægur vettvangur fyrir samtal stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings.

Fjöldi mála á árinu 2020 var 273 en þau voru 299 árið áður. Heimsóknir á árinu 2020 voru u.þ.b. 187.000 en voru u.þ.b. 194.000 árið áður.

Stjórnarfrumvörp sem urðu að lögum á árinu 2020, að COVID-málum undanskildum, höfðu í 88% tilvika verið birt sem drög til opins samráðs á fyrri stigum. Ljóst er að mál tengd COVID-19 kröfðust skjótra viðbragða en séu þau talin með var hlutfallið hins vegar 60%. Á árinu 2019 var umrætt hlutfall 76%. Fjárlög, fjárukalög og staðfesting ríkisreiknings eru utan þessara talna.

Alls bárust á árinu 2020 rúmlega 2.400 umsagnir sem er nokkur fækkun frá fyrra ári. Flestar umsagnir bárust um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof eða 253. Næstflestar umsagnir bárust um frumvarp til stjórnskipunar-laga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds o.fl.) eða 215.

Markmið samráðsgáttarinnar er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Þar er á einum stað hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning. Öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu. Nauðsynlegt er að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænni auðkenningu, enda birtast umsagnir að meginreglu jafnóðum. Umsagnir eru birtar á ábyrgð sendanda sem skráður er fyrir efninu. Umsjón með samráðsgáttinni er samstarfsverkefni forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Tekið skal fram að til viðbótar við opið samráð á netinu geta verið annars konar samráðsferlar, svo sem þátttaka helstu hagsmunaaðila í nefndarstarfi á vegum ráðuneyta eða sérstakt boð til þeirra um umsögn.

[SAMRADSGATT.IS](https://samradsgatt.is) 



EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

Endurskoðun stjórnarskrár

Vinnu formanna flokka sem sæti eiga á Alþingi við endurskoðun stjórnarskrárinnar lauk á árinu 2020. Afrakstur vinnunnar voru þrjú ný ákvæði í stjórnarskrá og endurskoðaður kafli um forseta og framkvæmdarvald. Nýju ákvæðin fjölluðu um auðlindir í þjóðar-eign, umhverfisvernd og vernd íslenskrar tungu og táknmáls.

Tillögurnar voru kynntar almenningi í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda en einnig var leitað eftir afstöðu Fenejjanefndar Evrópuráðsins. Tekið var mið af umsögnum og niðurstöðum rökræðukönnunar, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annaðist á árinu 2019, við loka-vinnslu málanna og þeim steyppt saman í eitt frumvarp.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Uppbygging innviða í kjölfar óveðurs

Fárviðri gekk yfir Ísland í desember 2019 og olli miklu tjóni. Samgöngur lögðust af og atvinnulífið lamaðist á þeim svæðum sem urðu verst úti. Miklar truflanir urðu í flutnings- og dreifikerfi rafmagns sem hafði afleidd áhrif á fjarskiptakerfi.

Ríkisstjórnin skipaði í kjölfarið átakshóp sex ráðuneyta sem falið var að meta hvaða aðgerðir væru færar til að efla innviði í flutnings- og dreifikerfi raforku og fjarskiptum til að tryggja að slíkir grunninnviðir væru sem best í stakk búnir til að takast á við ofsaveður. Átakshópurinn leitaði til sveitarfélaga, innviða-fyrirtækja og stofnana til að fá sýn þeirra á nauðsynlegar úrbætur innviða.

Í lok febrúar 2020 skilaði hópurinn tillögum að aðgerðum. Þær voru birtar á vef Stjórnarráðsins og einnig á vefslóðinni innvidir2020.is. Þar má finna fjölmargar aðgerðir sem hafa miðað að því að styrkja innviði landsins í kjölfar færviðrisins auk fjölmargra annarra aðgerða er varða innviðauppbyggingu. Öllum þessum aðgerðum var safnað saman í gagnagrunn sem er aðgengilegur er á vefsíðunni. Í honum eru 554 tillögur að aðgerðum á sviði orkumála, fjarskipta, samgangna, almannavarna og samhæfingar. Þar af eru 207 tillögur vegna færviðrisins og lagt til að 40 þeirra yrði flýtt.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Upplýsingalög og lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum

Framkvæmd upplýsingalaga

Árið 2019 samþykkti Alþingi frumvarp forsætisráðherra til laga, um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, sem varð að lögum nr. 72/2019. Þar var m.a. að finna breytingar sem miða að því að stytta afgreiðslutíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál en jafnframt hefur verið unnið að því í ráðuneytinu að styrkja umgjörð nefndarstarfsins.

Aðgerðirnar skiluðu þeim árangri að meðalmálsmeðferðartími nefndarinnar stýttist og var 142 dagar á árinu 2020.



Lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum

Hinn 9. júní 2020 samþykkti Alþingi ný heildarlög nr. 64/2020, um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands. Með lögnum er m.a. komið til móts við ábendingar GRECO (Samtaka ríkja gegn spillingu) og starfshóps forsætisráðherra um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu frá september 2018.

Hinar nýju reglur lúta að hagsmunaskráningu, gjöfum, aukastörfum, samskiptum við hagsmunaverði og starfssval að loknum opinberum störfum fyrir ráðherra, ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og sendiherra í Stjórnarráði Íslands. Þá gilda sum ákvæðin jafnframt um aðstoðarmenn ráðherra.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Umbætur í íslensku stjórnkerfi í kjölfar fjármálakreppunnar

Skýrsla forsætisráðherra um ábendingar sem varða stjórnsýsluna í rannsóknarskýrslum Alþingis um orsakir falls íslensku bankanna 2008, orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna og íbúðalánasjóð og viðbrögð við þeim.

Forsætisráðherra gerði grein fyrir skýrslu um ábendingar sem varða stjórnsýsluna í rannsóknarskýrslum Alþingis á þingfundi 25. febrúar 2021 en skýrslunni var dreift 27. nóvember 2020. Skýrslan á rót sína að rekja til skýrslubeiðni sem Alþingi samþykkti á 148. löggjafarþingi þar sem beðið var um að að dregnar yrðu fram allar ábendingar er varða stjórnsýsluna í þeim þremur rannsóknarskýrslum sem beiðnin tók til og að greint yrði frá því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við einstökum ábendingum. Þeim stjórnvöldum sem nú bera ábyrgð á málefnum sem ábendingar varða var síðan falið að svara því hvort og þá að hvaða marki brugðist hafi verið við.

Fjölmarginir starfsmenn ráðuneyta og stofnana lögðu hönd á plóg við svörun ábendinga sem voru 339 talsins en forsætisráðuneytið ritstýrði vinnunni, afmarkaði og dró fram ábendingarnar og samræmdi svör og framsetningu þeirra. Flestar ábendingar tengjast með beinum eða óbeinum hætti íslensku fjármálakerfi og umgjörð þess en stór hluti ábendinganna hefur einnig víðtækari skírskotun til stjórnsýslunnar og stjórnkerfisins almennt. Ljóst er að á þeim rúma áratug sem liðinn er frá hruni hafa stoðir stjórnsýslunnar verið treystar verulega enda er það mat skýrsluhöfunda að brugðist hafi verið að öllu leyti eða nokkru við 320 af þeim 339 ábendingum sem varða stjórnsýsluna í rannsóknarskýrslum Alþingis.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Viðbrögð við náttúruhamförum

Forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipuðu aðgerðahóp til að móta tillögur um aðgerðir til að treysta atvinnulíf og búsetu á Flateyri við Önuðarfjörð í kjölfar snjóflóðs sem féll þar 14. janúar.

Verkefni aðgerðahópsins var að kanna leiðir til að byggja upp traust íbúa Flateyrar á samfélagslegum innviðum og gera tillögur um aðgerðir sem treyst geta stöðir byggðarinnar.

Starfshópurinn setti fram tillögur að 15 aðgerðum sem haft geta jákvæða þýðingu fyrir framtíðarþróun og eftirmála snjóflóðanna. Aðgerðirnar voru mjög fjölbreyttar og náðu til stofnana á svæðinu, sveitarfélagsins og félagasamtaka. Á árinu 2020 tókst að ljúka nokkrum aðgerðum er varða nýsköpunar- og þróunarmál, menntamál með eflingu Lýðskólans o.fl. Í undirbúningi voru tillögur eins og þær sem snúa að frekari snjóflóðavörnum á svæðinu.

Forsætisráðherra skipaði starfshóp vegna hamfaranna á Seyðisfirði í desember 2020 þegar stórar aurskriður féllu. Meginhlutverk hópsins var að vera tengiliður ríkisvaldsins og stofnana þess við sveitarfélagið um mál og verkefni sem leysa þurfti úr í kjölfar hamfaranna. Jafnframt var hópnunum gert að yfirfara kostnað sem til féll í kjölfar skriðanna og eftir atvikum gera tillögur til ríkisstjórnar um greiðslur.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Uppgröftur við Stjórnarráðshúsið

Fornleifarannsókn, fyrsti áfangi framkvæmda vegna viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið, hófst í september 2019 og lauk í september 2020.

Vitað var með vissu að undir sverði væru minjar liðinna alda en ganga þurfti úr skugga um hvort minjar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar væri þarna að finna. Fljótlega kom í ljós að svæðinu hafði mikið verið raskað vegna fyrri tíma framkvæmda. Mannvistarlög, mannvirki, gripir og ummerki um horfna tíma voru þó enn greinileg en samhengi þeirra rofið. Verkmennning og búskaparhættir síðustu þrjár aldirnar voru vel greinanlegir. 28 mannvirki mátti setja í samhengi ásamt tilheyrandi gripum og öðrum mannvistarlögum.

Það sem bar mest á var fráveitukerfi frá lokum 18. aldar sem fylgdi húsinu allt þar til viðbyggingar voru reistar undir lok 19. aldar og upphaf þeirrar 20. Um er að ræða veglegt og vel hannað fráveitukerfi sem var á fimmta tug metra að lengd. Önnur mannvirki endurspeglar söguleg tímabil sem birtast okkur í formi gripa, dýrabeina og mannvirkja.

Það kom á óvart að eldri mannvistir var ekki að greina, fyrir utan vegg undir vesturhorni Stjórnarráðshússins en öll önnur ummerki hans eru

horfin. Saga þessa svæðis er mikil og merkileg og ljóst að þarna hefur jörðin ýmislegt að geyma, margt sem við vitum en einnig annað sem bíður seinni tíma, en mun fram að því varðveitast vel, undir gólfi Stjórnarráðshússins.

Framkvæmdasýsla ríkisins er nú að ljúka við samantekt sem nær m.a. til deiliskipulags lóðar, umferðaleiða, stöðva borgarlínu, öryggismála o.fl. Samantektin er unnin í samvinnu við stýrihóp verkefnisins, Ríkislögreglustjóra, Reykjavíkurborg og arkitekta hússins, frá arkitektastofunni Kurt og Pí.

Samkvæmt áætlunum er nú gert ráð fyrir að hönnun og gerð útboðsgagna ljúki um mitt ár 2022. Stefnt er að því að byggingarframkvæmdum ljúki síðsumars árið 2024 og verði þá flutt í nýtt húsnæði. Framkvæmdasýsla ríkisins annast umsjón með verkefninu fyrir hönd forsætisráðuneytisins í samræmi við ýmis lög um opinberar framkvæmdir.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Þjóðlendur

Í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er m.a. fjallað um hvernig staðið skuli að umsýslu með þjóðlendum.

Falla þar undir leyfisveitingar vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðlendna, meðferð þess fjár sem fellur til og tengist þeirri nýtingu og samþykki fyrir þeirri nýtingu lands og landsréttinda sem háð er leyfisveitingu sveitarfélaga innan þjóðlendna.

Helstu erindi á árinu 2020 voru umsagnir um skipulagstillögur, leyfi til nýtingar auðlinda, upplýsingabeidnir, almennar fyrirspurnir og önnur erindi tengd þjóðlendum. Umsögnum um skipulagstillögur fækkaði milli ára og voru 29 talsins á árinu 2020 en 62 árið 2019. Þrátt fyrir fækkun eru umsagnarbeiðnir enn algengustu erindin sem berast ráðuneytinu, enda hefur ráðuneytið síðastliðin ár lagt áherslu á að vera sýnilegt á því sviði.

107

erindi bárust

6 leyfi til framkvæmda

29 umsagnir um skipulagstillögur

7 leyfi um nýtingar auðlinda

7 beiðnir um aðgang að upplýsingum um þjóðlendislínur

3 umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá

1 erindi um þinglýsingar

3 grunnsamkomulag að löðum og drög að þeim

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Gæði lagasetningar

Á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu vinnur teymi lögfræðinga og sérfræðinga í íslensku máli og ritstjórn að bættri lagasetningu, rýni og gæðaeftirliti með stjórnarskjölum, þ.e. frumvörpum og þingsályktunartillögum sem ráðherrar leggja fram á Alþingi. Þar er um að ræða öll lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem ráðherrar leggja fyrir Alþingi auk ýmissa skýrsla og annarra skjala.

Á árinu 2020 bárust skrifstofu löggjafarmála 189 frumvörp og 22 þingsályktunartillögur til yfirlstrar auk annarra þingskjala. Þar af tengdist 41 stjórnarfrumvarp heimsfaraldri kórónuveiru. Um er að ræða töluverða fjölgun frá fyrra ári en þá bárust skrifstofunni 142 frumvörp og 34 þingsályktunartillögur til yfirlstrar.

Teymi lögfræðinga og sérfræðinga í íslensku máli og ritstjórn skiptir þannig með sér verkum í yfirlstrinum að lögfræðingar sinna ákveðnum málaflokkum og hefur hver þeirra umsjón með tilteknu ráðuneyti en sérfræðingarnir fara jafnt yfir öll stjórnarskjöl.

Verklagið við yfirlstur hvað varðar lagafrumvörp er þannig að þegar stjórnarskjal berst skrifstofunni er það fyrst skráð í málaskrá og því úthlutað til lögfræðings og sérfræðings í íslensku máli og ritstjórn. Sérfræðingur fer yfirleitt fyrst yfir skjalið og síðan tekur lögfræðingur við. Að því

búnu er skjalið sent aftur í viðkomandi ráðuneyti með athugasemdum, leiðréttingum og tillögum til úrbóta. Þegar tekin hefur verið afstaða til þessa berst skjalið aftur til skrifstofu löggjafarmála og þá er farið yfir úrvinnsluna og hvernig hefur verið brugðist við athugasemdum. Oft geta skjöl gengið þannig fram og til baka milli fagráðuneytis og skrifstofu löggjafarmála á meðan verið er að betrumbæta frumvarp. Ferlinu lýkur með því að skrifstofan gefur umsögn um frumvarp sem fylgir því til ríkisstjórnar. Ferlið við þingsályktunartillögur er ögn einfaldara en þar er ekki gefin sérstök umsögn skrifstofu löggjafarmála.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Stofnanir forsætisráðuneytisins

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Embætti ríkislögmanns

Embætti ríkislögmanns starfar á grundvelli laga nr. 51/1985. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess.

Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum en einnig að annast sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótaskrafa sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra. Hún er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfraðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni.



Lykiláherslur Hagstofunnar eru þrjár; aðgengilegar upplýsingar og þekking, samræmd högun upplýsinga og ferla og þekkingarmiðað starfsumhverfi.

Aðgengilegar upplýsingar og þekking

- Að þekkja þarfir notenda
- Þróa miðlunarleiðir
- Auka virði hagtalna með því að setja þær í samhengi
- Efla þekkingarhlutverk Hagstofunnar

Samræmd högun upplýsinga og ferla

- Samræma lýsigögn, flokkanir, hugtök og gögn
- Innleiða trausta tæknilega innviði
- Samræma aðferðir og sjálfvirknivæða ferla
- Byggja upp skilvirk stjórnkerfi

Þekkingarmiðað starfsumhverfi

- Auka samvinnu og samnýtingu þekkingar
- Styðja við nýsköpun og öflun þekkingar
- Bæta stjórnun og efla teymisvinnu

HAGSTOFA ÍSLANDS 

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.



Haustið 2020 voru liðin 20 ár frá stofnun Jafnréttisstofu.

Helstu verkefni stofnunarinnar snúa að eftirliti, fræðslu, ráðgjöf, forvörnum og vinnu gegn hefðbundnum staðalímyndum.

Áhersluverkefni ársins voru innköllun jafnréttisáætlana fyrirtækja og stofnana og eftirfylgni með því að fyrirtæki og stofnanir uppfylli þær lagaskyldur að öðlast jafnlaunavottun. Stofnuð voru yfir 1.000 mál í málaskrá stofnunarinnar vegna þessa. Á árinu var alls 166 fyrirtækjum veitt heimild til að nota jafnlaunamerkið.

Þá var lögð áhersla á að koma á framfæri fræðsluefni.

Í árslok 2020 störfuðu hjá Jafnréttisstofu fimm konur og þrír karlar. Stofnunin fékk viðurkenningu sem stofnun ársins 2020 í flokki stofnana með færra starfsfólk en 20.

[JAFNRÉTTISSTOFA](#) 

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Óbyggðanefnd

Óbyggðanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 58/1998 og hefur það hlutverk að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og loks að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur lokið umfjöllun um 91% af flatarmáli meginlandsins alls. Niðurstaðan er að 40,6% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á teljast til þjóðlendna en 59,4% eru eignarlönd, að teknu tilliti til endanlegra niðurstaðna dómstóla. Af þeim hluta miðhálandisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd.

Meginverkefni óbyggðanefndar árið 2020 sneru annars vegar að svæði 10A, Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi, og hins vegar svæði 10C, Barðastrandasýslum.

[ÓBYGGÐANEFND](#) 

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Umboðsmaður barna

Meginhlutverk umboðsmanns barna er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum nr. 83/1994 um embættið.



Honum er ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt, jafnt á opinberum vettvangi sem og hjá einkaaðilum, vinna að því að tekið sé tillit til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu, að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna en með hliðsjón af hinu almenna hlutverki sínu, þ.e. að tryggja bættan hag barna almennt. Þá er umboðsmanni barna ætlað að koma með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda sem varða börn sérstaklega og stuðla að því að virtir séu þeir þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að.

Umboðsmaður barna er Salvör Nordal og var hún skipuð í júlí 2017 til fimm ára. Í kjölfar skipunar var hafin vinna við stefnumótun og lög um embættið endurskoðuð á árinu 2018 þar sem meðal annars er kveðið á um að umboðsmaður barna skipuleggi þing um málefni barna annað hvert ár. Fyrsta barnþingið var haldið í nóvember 2019 og verður næsta þing haldið á haustmánuðum árið 2021.

Í byrjun árs var aldarfjórðungsaftmæli umboðsmanns barna fagnað en embættið tók til starfa 1. janúar 1995.

Erindi til umboðsmanns barna 2020:

- 1.061 erindi alls, 762 skrifleg og 299 munnleg
- 157 erindi voru frá börnum

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Seðlabanki Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Á árinu 2020 tóku gildi ný lög um Seðlabankann. Með lagabreytingunni sameinuðust Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið í eina stofnun undir nafni Seðlabanka Íslands.



Markmið Seðlabankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Í yfirstjórn Seðlabankans eru seðlabankastjóri og þrjár varaseðlabankastjórar og leiða þeir hver um sig málefni peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits. Seðlabankastjóri er Ásgeir Jónson, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits er Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu er Rannveig Sigurðardóttir og Gunnar Jakobsson var skipaður varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika frá og með 1. mars 2020.

Í sameinaðri stofnun Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins verða tvær nýjar nefndir sem, auk peningastefnufndar, munu vinna að meginmarkmiðum stofnunarinnar. Fjármálaeftirlitsnefnd mun taka ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum og verður stjórn Fjármálaeftirlitsins, sem hingað til hefur tekið meiriháttar ákvarðanir, lögð niður. Ákvarðanir um beitingu stjórnþækja Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika verða teknar af fjármálastöðugleikanefnd.

[SEÐLABANKI ÍSLANDS](#) 

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er starfrækt á grundvelli upplýsingalaga, nr. 140/2012, og er ætlað að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum.

Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnvöldunefnd sem skipuð er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Nefndinni bárust 228 kærur á árinu 2020 og lauk hún úrskurðum í 102 kærumálum. Málsmeðferðartími nefndarinnar var að meðaltali 142 dagar frá kærðu til úrskurðar en var 222 dagar árið 2019 og 212 dagar árið 2018.



Kærunefnd jafnréttismála

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði hafi verið brotin gagnvart sér geta í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sinna, eftir því sem við á, leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála, sbr. lög um stjórnvöldunefnd jafnréttismála, nr. 151/2020. Þá getur Jafnréttisstofa óskað eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar.

Á árinu 2020 bárust 23 mál. 21 málanna varðaði ráðningu í starf eða skipun í embætti. Eitt málið varðaði uppsögn úr starfi og eitt mismunun á grundvelli kyns við veitingu þjónustu. Tvær kærur bárust vegna brota á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, tvær kærur á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði en önnur vörðuðu lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Einu máli var vísað frá þar sem kærufrestur var liðinn og í einu máli var kera afturkölluð. Í 15 málum úrskurðaði nefndin að ekki væri um brot að ræða. Í 5 málum var brot en eitt mál bíður úrskurðar.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Rekstur og fjárfestingar

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA


Málefнасvið

Á árinu 2020 heyrði málefнасvið 3 Æðsta stjórnarsýsla undir forsætisráðherra. Þá átti ráðherra einnig eftirfarandi hlutdeild í öðrum málefnasviðum:

- 2 Dómstólar, sbr. launalið hæstaréttardómara í málaflokki 2.1
- 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. Hagstofu Íslands í málaflokki 6.1
- 9 Almanna- og réttaröryggi, sbr. óbyggðanefnd og embætti ríkislögmans í málaflokki 9.3
- 29 Fjölskyldumál, sbr. umboðsmann barna í málaflokki 29.4
- 32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála, sbr. Jafnréttisstofu og Jafnréttissjóð Íslands í málaflokki 32.2

Rekstrargjöld og fjárfestingar málefnasviða

Fjárhæðir í m.kr.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Útgjöld málefna sviða og mála flokka

Í töflunni má sjá þá mála flokka sem forsætisráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim mála flokkum sem fleiri ráðherrar deila ábyrgðinni. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í millj. kr. að frádregnum rekstrartekjum, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Mála flokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
02 Dómstólar	197	212	15,7	7,4%	0	16	7,4%
0210 - Hæstiréttur	197	212	15,7	7,4%	0	16	7,4%
03 Æðsta stjórnýsla	2.386	2.378	-8,0	-0,3%	202	194	8,2%
0310 - Embætti forseta Íslands	312	328	15,5	4,7%	30	46	13,9%
0320 - Ríkisstjórn	666	661	-4,8	-0,7%	0	-5	-0,7%
0330 - Forsætisráðuneyti	1.408	1.390	-18,8	-1,3%	172	153	11,0%
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.498	1.468	-29,2	-2,0%	196	167	11,4%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.498	1.468	-29,2	-2,0%	196	167	11,4%
09 Almanna- og réttaröryggi	377	345	-32,0	-9,3%	27	-5	-1,5%
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	377	345	-32,0	-9,3%	27	-5	-1,5%
29 Fjölskyldumál	75	78	3,3	4,3%	2	5	6,6%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	75	78	3,3	4,3%	2	5	6,6%
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	353	357	3,8	1,1%	1	4	1,2%
3220 - Jafnréttismál	353	357	3,8	1,1%	1	4	1,2%

Fjárhæðir í m.kr.

Skýringar

- Alls námu heildarútgjöld þeirra mála flokka sem forsætisráðuneytið ber ábyrgð á 4.885 m.kr. árið 2020. Áætlun gerði ráð fyrir að heildarútgjöldin á árinu 2020 yrðu 4.838 millj. kr.
- Frávik mála flokks 2.1 Hæstiréttur er 7,4% undir fjárheimildum ársins eða 15,7 millj. kr., í þennan mála flokk fellur launaliður hæstaréttardómara.
- Frávik í mála flokki 3.1 Embætti forseta Íslands er 15,5 millj. kr. undir fjárheimildum ársins eða 4,7% af áætlun.
- Mála flokkur 3.2 Ríkisstjórn er 0,7%, eða 4,8 millj. kr. yfir fjárheimildum ársins.
- Í mála flokkum 2.1 Hæstiréttur og 3.2 Ríkisstjórn eru frávik ekki flutt á milli ára samkvæmt væntanlegu frumvarpi til staðfestingar ríkisreikningi fyrir árið 2020.
- Frávik mála flokks 3.3 Forsætisráðuneyti, fór 18,8 millj. kr. eða 1,3% umfram fjárheimildir ársins og er það fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Útgjöld málefna sviða og málaflokka

Í töflunni má sjá þá málaflokka sem forsætisráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum sem fleiri ráðherrar deila ábyrgðinni. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í millj. kr. að frádregnum rekstrartekjum, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
02 Dómstólar	197	212	15,7	7,4%	0	16	7,4%
0210 - Hæstiréttur	197	212	15,7	7,4%	0	16	7,4%
03 Æðsta stjórnýsla	2.386	2.378	-8,0	-0,3%	202	194	8,2%
0310 - Embætti forseta Íslands	312	328	15,5	4,7%	30	46	13,9%
0320 - Ríkisstjórn	666	661	-4,8	-0,7%	0	-5	-0,7%
0330 - Forsætisráðuneyti	1.408	1.390	-18,8	-1,3%	172	153	11,0%
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.498	1.468	-29,2	-2,0%	196	167	11,4%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.498	1.468	-29,2	-2,0%	196	167	11,4%
09 Almanna- og réttaröryggi	377	345	-32,0	-9,3%	27	-5	-1,5%
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	377	345	-32,0	-9,3%	27	-5	-1,5%
29 Fjölskyldumál	75	78	3,3	4,3%	2	5	6,6%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	75	78	3,3	4,3%	2	5	6,6%
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	353	357	3,8	1,1%	1	4	1,2%
3220 - Jafnréttismál	353	357	3,8	1,1%	1	4	1,2%

Fjárhæðir í m.kr.

- Í málaflokki 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, en þar undir fellur starfsemi Hagstofu Íslands, fór rekstur ársins 29,2 millj. kr. eða 2,0% yfir fjárheimildir ársins og var það fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára.
- Í málaflokki 9.3 Ákærvald og réttarvarsla, en þar undir fellur rekstur ríkislögmans og óbyggðanefndar sem heyra undir forsætisráðuneytið, nam frávik 32 millj. kr. umfram fjárheimildir, eða 9,3%, og var fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára eins og hægt var en til viðbótar eru fjárheimildir ársins 2021 nýttar.
- Í málaflokki 29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn, en þar undir fellur starfsemi umboðsmanns barna, var frávik ársins um 3,3 millj. kr. undir fjárheimildum ársins, eða 4,3% af fjárheimildum ársins, og er gert ráð fyrir að ónýttar fjárheimildir flytjist milli ára. Nokkrum verkefnum umboðsmanns hefur verið frestað vegna óvenjulegs ástands á árinu 2020.
- Í málaflokki 32.3 Jafnréttismál, en þar undir fellur starfsemi Jafnréttisstofu, Jafnréttissjóðs Íslands og málefni jafnréttismála á skrifstofu ráðuneytisins, var frávik frá áætlun 3,8 millj. kr. undir fjárheimildum ársins, eða 1,1%. Gert er ráð fyrir að ónýttar fjárheimildir flytjist milli ára. Einhver verkefni jafnréttisskrifstofu frestast vegna óvenjulegs ástands á árinu 2020.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Fjárfesting málaflokka

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Ónýtt heimild í árslok
0310 - Embætti forseta Íslands	-11,6	92,6	-42,3	38,7
0330 - Forsætisráðuneyti	-217,4	594,9	111,5	489,0
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	-20,4	20,5	-4,3	-4,2
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	-1,0	1,4	1,6	2,0
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	-0,6	1,0	1,1	1,5
3220 - Jafnréttismál	-0,6	0,7	0,4	0,5

Fjárhæðir í m.kr.

Skýringar

- Frávik í málaflokki 3.1 Embætti forseta Íslands er 38,7 millj. kr. en framkvæmdir vegna endurbóta á húsnæði embættisins að Staðarstað hafa tafist.
- Frávik í málaflokki 3.3 Forsætisráðuneyti skýrist af væntanlegri viðbyggingu fyrir ráðuneytið. Ónýtt fjárheimild í lok árs 2020 verður nýtt til framkvæmda á árinu.
- Málaflokkur 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál hefur farið 4,3 millj. kr. umfram heimildir til fjárfestingar innan ársins og mun frávikið verða fjármagnað af fjárfestingarfjárheimild ársins 2021.
- Aðrir málaflokkar eru með óveruleg frávik frá fjárfestingarheimildum ársins.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA


Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða

Frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Forsætisráðuneyti ásamt stofnunum sínum Hagstofu Íslands, ríkislögmanni, óbyggðanefnd nýta uppsafnaðar fjárheimildir fyrri ára til að mæta kostnaði ársins, en umboðsmaður barna og Jafnréttisstofa gera ráð fyrir að nýta ónýttar fjárheimildir ársins 2020 á árinu 2021.

Embætti forseta Íslands gerir ráð fyrir að nýta ónýttar fjárheimildir ársins 2020 á árinu 2021.

Eðli ríkisaðilanna Hæstaréttar og ríkisstjórnar er með þeim hætti að jákvæð eða neikvæð árslokastaða er felld niður við gerð ríkisreiknings.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS


REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða

Uppsöfnuð frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Forsætisráðuneyti og flestar stofnanir eru nær allar með jákvætt uppsafnað eigið fé í árslok en ríkislögmaður gerir ráð fyrir að nýta fjárheimildir ársins 2021 til að mæta frávikum ársins og það sama gildir um Jafnréttissjóð Íslands. Eðli ríkisaðilanna Hæstaréttar og ríkisstjórnar er með þeim hætti að árslokastaða er felld niður við gerð ríkisreiknings.



EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Úthlutun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra á árinu 2020

Styrkþegi	Upphæð
Félag heyrnarlausra	200.000
Hinsegin dagar í Reykjavík	250.000
Jafnréttisstofa	600.000
Landssamband eldri borgara	100.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg	500.000
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum vegna ráðstefnu um aðgerðir gegn ofbeldi á tímum efnahagsþrenginga og áfalla	100.000
Samtals	1.750.000

Styrkveitingar ráðherra skv. 42.gr. laga um opinber fjármál

Styrkþegi	Upphæð
Cognitio ehf.	500.000
Dómsmálaráðuneyti	800.000
Félag kvenna í atvinnulífinu	5.210.000
Félagsmálaráðuneytið	1.500.000
Heilbrigðisráðuneytið	1.500.000
IceFemln, félagasamtök	210.000
Kolviður, sjóður	94.145
Krumma Films ehf	1.500.000
Kvennaráðgjöfin	210.000
Kvenréttindafélag Íslands	630.000
Mannréttindaskrifstofa Íslands	420.000
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	1.500.000
Reykjavíkurborg	6.062.729
Samtökin '78, félag hinsegin fólks	37.500.000
Soroptimistasamband Íslands	420.000
Stígamót	1.710.000
UN Women Ísland	630.000
Women Political Leaders Globa	10.000.000
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	2.300.000
Samtals	72.696.874

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2020

Myndin sýnir stöðu þeirra aðgerða sem voru á ábyrgð forsætisráðherra, skipt eftir málaflokkum, í fjármálaáætlun 2020-2024 og frumvarpi til fjárlaga 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
3.3 Forsætisráðuneyti	1	3				4
6.1 Hagskýrslugerð, grunnskár og upplýsingamál	2	3	2			7
9.3 Ákærvald og réttarvarsla						0
29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn						0
32.2 Jafnréttismál	1	1	1	2		5
Samtals aðgerðir	0	1	4	7	4	16

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Forsætisráðuneyti Málaflokkur 3.3

MARKMIÐ 1

Auka eftirfylgni með stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Fjöldi framgangsskýrslna á ári.	2	2	0
Fjöldi eftirfyllnifunda fagráðherra með ráðherranefnd.	7	8	0

Aðgerðir	Ábyrgð	Tímabil	Athugasemdir
Framgangsskýrslur um áherslur í stjórnarsáttmála lagðar fyrir ríkisstjórn tvisvar á ári.	FOR og aðstoðarmenn ráðherra	2020-2024	Sakir þess álags sem COVID-19 hafði á Stjórnarráðið var ákveðið að taka ekki saman framgangsskýrslur á árinu 2020.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Forsætisráðuneyti Málaflokkur 3.3

MARKMIÐ 2

Auka gagnsæi og gæði við undirbúning löggjafar.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem verða að lögum og áform um lagasetningu hafa verið kynnt í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt) áður en samning frumvarps hefst.*	13%	70%	23% án COVID-mála, 16% með COVID-málum.
Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem verða að lögum og hafa áður verið kynnt sem drög í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt).**	Hlutfall frumvarpa í opnu samráði: 61%. Mat á fullnægjandi og aðgengilegri umfjöllun um úrvinnslu samráðs ekki hafið.	Hlutfall frumvarpa í opnu samráði: 75%. 50% hafa að geyma eða vísa til fullnægjandi umræðu um samráð.	88% án COVID-mála, 60% með COVID-málum. Mat á fullnægjandi umræðu um samráð fór ekki fram.
Hlutfall stjórnarfrumvarpa þar sem endanlegt mat á áhrifum er fullnægjandi.	Viðmið ekki til staðar.	Viðmið mótuð.	Ekki lengur á dagskrá.
Hlutfall stjórnarfrumvarpa með (fullnægjandi) mati á áhrifum á stöðu kynjanna.	Mæling ekki hafin.	Viðmið mótuð.	Í mótun.

* Mælikvarðanum hefur verið breytt, en hann var áður: Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fram á Alþingi, þar sem áform um lagasetningu hafa verið kynnt í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt) áður en samning frumvarps hefst.

** Mælikvarðanum hefur verið breytt, en hann var áður: Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fram á Alþingi og hafa verið kynnt í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt) og hafa að geyma eða vísa skýrt til fullnægjandi og aðgengilegrar umfjöllunar um úrvinnslu samráðs.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Forsætisráðuneyti Málaflokkur 3.3

MARKMIÐ 2

Auka gagnsæi og gæði við undirbúning löggjafar.

Aðgerðir	Ábyrgð	Tímabil	Athugasemdir
Aukið aðhald með söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga. Skýrsla um stöðu og þróun gefin út a.m.k. árlega.	FOR	2020-2024	
Áframhaldandi þróun og samhæfing vinnuferla ráðuneyta við undirbúning frumvarpa, stefnumótun og áætlanagerð, þar á meðal með námskeiðahaldi og uppfærslu handbókar um vinnslu frumvarpa.	FOR	2020-2024	Leiðarvísir um undirbúning og vinnslu frumvarpa hefur verið settur upp á innri vef Stjórnarráðsins. Fyrirhugað er að bæta við á innri vefnum uppfærðri umfjöllun, sem er á lokametrunum, um önnur atriði handbókarinnar. Námskeiðshald hefur að nokkru leyti tafist vegna COVID.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Forsætisráðuneyti Málaflokkur 3.3

MARKMIÐ 3

Að bæta stjórnsýslu í þágu borgaranna.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Hlutfall starfsfólks Stjórnarráðsins sem telur þekkingu sína á stjórnsýslulögum/siðareglum/vönduðum stjórnsýsluháttum vera mjög góða eða góða.	Viðmið ekki til.	Viðmið fara eftir niðurstöðum könnunar sem gerð verður á árinu 2019.	Viðmið fara eftir niðurstöðu könnunar sem skoða þarf framkvæmd á að heimsfaraldri liðnum.

Aðgerðir	Ábyrgð	Tímabil
Fræðsluáttak um stjórnsýslulög/siðareglur/vandaða stjórnsýsluhætti með það að markmiði að auka þekkingu og hæfni starfsfólks í þeim efnum. Meðal annars verði settur á fót rafrænn innri fræðslubrunnur.	FOR	2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Málaflokkur 6.1

MARKMIÐ 1

Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Fjöldi viðbótarbreyta og nýrra upplýsinga í hagskýrslum, ásamt aukinni sundurgreiningu í flokka eftir kyni, atvinnugreinum, starfsstéttum, menntun, vöru og þjónustuflokkum eða eftir því sem við á í hverju tilvik.	Mikið hefur áunnist í sundurgreiningu gagna, m.a. eftir kyni.	Meðal nýrra breyta: Aukið sundurbrot gagna, sem unnin eru mánaðarlega og ársfjórðungslega. Fleiri breytur birtar eftir menntunarstigi.	Sundurbrot talna aukið, fleiri mælingar birtar og fleiri breytur sundurliðaðar eftir menntunarstigi.
Fjöldi nýrra hagskýrslna.	Útgáfur um ferðapjónustu, húsnæðismál, menningu og listir hafnar. Mánaðarlegar tölur um þjónustuviðskipti hafa verið birtar. Reglulegar útgáfur á skammtímatölfræði um ferðapjónustu hafnar. Fyrsta áfanga umhverfistölgæði lokið með birtingu á tölfræði um losun gróðurhúsalofttegunda.	Útgáfa tölfræði um húsnæðismál þar sem talnaefni er aukið og birt fyrr og tölfræðin sett í lýðfræðilegt samhengi. Bæta framboð á hagtölum um menningu og listir þar sem horft verði til framboðs, neyslu og notkunar almennings, auk hagrænna mælikvarða á umfang. Hagtölur um fjölda lausra starfa. Skammtímatölfræði um ferðapjónustu birt mánaðarlega. Birting á tölfræði um losun gróðurhúsalofttegunda á áætlun. Mánaðarlegur þjónustujöfnuður birtur reglulega.	Skammtímatölfræði um ferðapjónustu birt mánaðarlega. Birting á tölfræði um losun gróðurhúsalofttegunda á áætlun. Mánaðarlegur þjónustujöfnuður birtur reglulega. Nýjar upplýsingar um fyrstu kaupendur birtar. Unnið að umbótum á vinnslu upplýsinga um húsnæðismarkað byggð á gögnum um lífskjararannsókn. Undirbúningur að birtingu lýðfræðilegra upplýsinga um húsnæði sem hluti af manntali. Aukið framboð af hagrænum mælikvörðum um menningu og listir en töf á menningarneyslurannsókn vegna covid. Hagtölur um laus störf birtar ársfjórðungslega.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málaflokkur 6.1

MARKMIÐ 1

Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Aðgengi á vef Hagstofunnar metið á notendafundum og með gæðaúttektum um innleiðingu meginreglna Eurostat.	Hægt að nálgast upplýsingar frá öðrum framleiðendum á vef Hagstofu.	Aukið framboð á sögulegum hagtölum. Bætt myndræn framsetning efnis.	Árið 2020 voru birtar 2.435 nýjar tímaraðir í sögulegum hagtölum. Framsetning hefur verið bætt.
Mat á aðgengi í könnuninni „Hvað er spurnið í opinbera vefi?“	Aðgengi fékk 66 í niðurstöðum könnunar "Hvað er spurnið í opinbera vefi?" árið 2017.	Mat á aðgengi í könnun "Hvað er spurnið í opinbera vefi?" er 80.	Niðurstaða úr aðgengiskönnun á vef hagstofunnar var 71 samkvæmt könnun sem ráðuneytið gerði í desember 2020, en var 80 í könnun þar á undan. Svo virðist sem breytt hafi verið um aðferðir og kannanir því ekki fyllilega sambærilegar.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málaflokkur 6.1

MARKMIÐ 1

Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.

Aðgerðir	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Bæta hagtölur um húsnæðismál, ferðaþjónustu, menningarmál, skapandi greinar og launatölfræði.	FOR & Hagstofa Íslands	Heildarendurskoðun tímaraða þjóðhagsreikninga, ítarlegar greinargerðir og aðferðafræðilýsingar. Nýjar upplýsingar um fyrstu kaupendur birtar. Unnið að umbótum á vinnslu upplýsinga um húsnæðismarkað byggt á gögnum um lífskjararannsókn. Undirbúningur að birtingu lýðfræðilegra upplýsinga um húsnæði sem hluti af manntali. Aukið framboð af hagrænum mælikvörðum um menning og listir en töf á menningarneyslurannsókn vegna covid. Hagtölur um laus störf birtar ársfjórðungslega.	2018-2021
Rafrænt manntal.	Hagstofa Íslands	Áhersla á samráð við notendur, innsöfnun gagna, innlestur og högun.	2019-2023
Auka sundurbrot gagna og birta fleiri breytur eftir menntunarstigi.		Nýjar tölur um brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi eftir menntun foreldra. Nýjar tölur um brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi eftir aldri við flutning til Íslands. Nýjar upplýsingar um fjarvinnu birtar ársfjórðungslega. Nýjar mælingar um vinnuaflað. Upplýsingar um andlát pr. viku sem tilraunatölfræði, Tilraunatölfræði með staðgreiðsluskuldum greiðslum í miklu sundurbroti. Aukið niðurbrot í tekjutölfræði.	
Auka framboð á sögulegum hagtölum og bæta framsetningu þeirra.		Árið 2020 voru birtar 2.435 nýjar tímaraðir í sögulegum hagtölum. Framsetning hefur verið bætt.	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS




REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málaflokkur 6.1

MARKMIÐ 1

Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.

Aðgerðir	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Safna upplýsingum um umhverfisskatta og gjöld, orkuflæðisreikninga og losun gróðurhúsalofttegunda.		 Upplýsingum um umhverfisskatta safnað 2020, birting fyrirhuguð haust2021. Kortlagning á umhverfisgjöldum framkvæmd 2020 og framleiðsla upplýsinga undirbúin. Orkuflæðireikningar birtir reglulega og á áætlun. Tölfræði um losun gróðurhúsalofttegunda birt reglulega og á áætlun.	
Byggja upp gagnagrunna og hefja innlestur vegna rafræns manntals.		 Innlestur stafrænna gagna hafinn og uppbygging gagnagrunna í gangi.	
Uppbygging á rannsóknadeild Hagstofu, þ.m.t. sviðsmyndagreininga fyrir þjóðhagsspá.	Hagstofa Íslands	 Hringrás milli spár og fjárlaga komið á fót. Spádrög eru nú send fjr sem tekur inn horfur við mótun fjárlaga. Upplýsingar um fjárlög eru síðan send til spádeildar sem notar þær við mótun hagspár. Rammi þróaður utan um verkefnið.	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Ákærvald og réttarvarsla Málaflokkur 9.3

MARKMIÐ 1

Að fyrir liggja skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þar með talið eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Hlutfall landssvæða sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað um.	11 af 17 svæðum lokið	14 af 17 svæðum lokið	14 af 17 svæðum lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn Málaflokkur 29.4

MARKMIÐ 1

Styrkja stöðu barna í íslensku samfélagi.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Fjöldi rannsókna og greininga á stöðu íslenskra barna.	0	4	5
Fjöldi frumvarpa, stefna og áætlana sem rýnd hafa verið út frá réttarsjónarmiðum barna og ákvæðum barnasáttmálans.	60	120	104

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Jafnréttismál Málaflokkur 32.2

MARKMIÐ 1

Launajafnrétti verði náð – kynbundnum launamun verði útrýmt.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Fjöldi opinberra stofnana, sjóða og fyrirtækja sem eru að hálfu eða í meirihlutaeigu ríkisins sem fá vottun.	15	219*	136
Fjöldi fyrirtækja á markaði sem fá vottun.	27	140	139
Jákvæð breyting á kynbundnum (leiðréttum) launamun mældur í launarannsóknnum Hagstofu Íslands	4,5%	3,0%	3,0%**

Aðgerðir	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Framkvæmd verkefni um jafnrétti á vinnumarkaði og launajafnrétti kynja, þ.m.t. verkefni um jafnlaunavottun innan tímamarka laga nr. 56/2017.	Forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti	Jafnlaunavottun er í fullum gangi og er nokkurn veginn á áætlun. Starfshópur um endurmat á störfum kvenna var skipaður í árslok 2020 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamningsgerð við BSRB. Hópurinn á að skila tillögum fyrir lok árs 2021 skv. yfirlýsingunni en stefnt er að því að tillögur verði tilbúna fyrir haustið.	2020-2023
Ráðuneyti og stofnanir ríkisins innleiði staðalinn ÍST 85 og hljóti jafnlaunavottun innan tímamarka laga nr. 56/2017.	Forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti		2018-2023

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

* Það eru 183 sem falla undir í raun.

** Tölur fyrir árið 2020 liggja enn ekki fyrir.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Jafnréttismál Málaflokkur 32.2

MARKMIÐ 2

Dregið verði markvisst úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, þar á meðal ofbeldi í nánum samböndum.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi. / Hlutfall þeirra sem orðið hafa fyrir kynferðisbroti.	5,8% / 2,5%		7,1% / 2,7%*
Fleiri fórnarlömb ofbeldis í nánum samböndum tilkynni það til lögreglu. / Fleiri fórnarlömb kynferðisbrots hafa tilkynnt það til lögreglu.	20% / 7,2%	25% / 10%	18% / -

Aðgerðir	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Mótun stefnu um forvarnir og fræðslu til að útrýma kynferðislegu ofbeldi og áreitni, bætt réttarstaða brotabola, aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi og aukið þverfaglegt samstarf um forvarnir og þjónustu við þolendur og gerendur ofbeldis.	Forsætisráðuneyti í samstarfi við ráðuneyti félagsmála, dómsmála, heilbrigðismála og mennta- og menningarmála.	Þingsályktun um forvarnar meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025 var samþykkt á Alþingi 2020.	2018–2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

* Tölur frá 2019, það er verið að vinna að könnun fyrir 2020.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Jafnréttismál Málaflökkur 32.2

MARKMIÐ 3

Réttindi hinsegin fólks verði tryggð.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Staða 2020
Lagaleg staða og réttindi hinsegin fólks á lista the European Region of the International Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex Association (ILGA-Europe).	16. ILGA-Europe	14. sæti á lista ILGA-Europe	14. sæti á lista ILGA-Europe

Aðgerðir	Ábyrgð	Staða í árslok 2020	Tímabil
Innleiðing laga um kynrænt sjálfræði.	Forsætisráðuneyti		2019-2022
Gerð framkvæmdaáætlunar í málefnum hinsegin fólks og framlagning tillögu til þingsályktunar.	Forsætisráðuneyti	 Vinna við framkvæmdaáætlunina mun fara fram á árinu 2021.	2019-2020

 Aðgerð ekki hafin  Undirbúningur hafinn  Aðgerð hafin  Aðgerð komin vel á veg  Aðgerð lokið

* Tölur frá 2019, það er verið að vinna að könnun fyrir 2020.

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Ársskýrsla forsætisráðherra 2020

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg - 101 Reykjavík
545 8400 | for@for.is

Júní 2021 | ISSN: 2672-684X

Ábyrgðarmaður: Katrín Jakobsdóttir
Umsjón: Forsætisráðuneytið

@ 2021 – Forsætisráðuneytið

stjornarradid.is

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA

Ársskýrsla
forsætisráðherra
2020

EFNISYFIRLIT

ÁVARP
RÁÐHERRA

STARFSEMI
RÁÐUNEYTISINS

COVID-19

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR
RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG
FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR
AF RÁÐSTÖFUN
FJÁRMUNA